


# Fjölnir
# Ársskýrsla 2017

# EFNISYFIRLIT

____ 2
Stjórnskipulag Fjölnis ____ 3
Ávarp framkvæmdastjóra ____ 4
Starfsmenn ____ 6
Aðalstjórn ____ 7
Skýrsla aðalstjórnar Fjölnis fyrir rekstrarárið 2017 ____ 8
Sambandsþing UMFÍ ____ 23
Landsmót dana DGI ____ 26
Stækkandi hverfi Fjölnis ____ 28
Fimleikadeild ____ 31
Frjálsíþróttadeild ____ 41
Handknattleiksdeild ____ 48
Karatedeild ____ 56
Knattspyrnudeild ____ 65
Körfuknattleiksdeild ____ 76
Skákdeild ____ 80
Sunddeild ____ 89
Tennisdeild ____ 95
Gildin okkar ____ 98
Fjölnismaður ársins ____ 99
Íþróttamaður ársins ____ 100
Formenn fjölnis ____ 101
Heiðursforsetar ____ 102
Gullmerki ____ 103
Silfurmerki ____ 104
Fjölnisfólk sem hlotið hafa starfsmerki UMFÍ ____ 108
Fjölnisfólk sem hlotið hafa gullmerki Íþróttabandalags Reykjavíkur ____ 109
Lög Ungmennafélagsins Fjölnis ____ 110
Ársreikningur ____ 114


FJÖLNIR

# STJÓRNSKIPULAG FJÖLNIS



# ÁVARP FRAMKVÆMDASTJÓRA



Árið 2017 einkenndist af vexti og uppbyggingu í félaginu okkar.  Árið byrjaði á flottu þorrablóti sem er orðin fastur liður í félagslífi okkar hér í Grafarvogi.  Meistaraflokkarnir í handbolta bæði karla og kvenna kláruðu svo vorið með því að tryggja sér sæti í Olísdeildinni.  Í öllum deildum félagsins var unnið gott starf og margir sigrar unnust og margar góðar minningar urðu til í okkar fjölbreytta starfi sem félagið stendur fyrir, þar sem kraftmiklir, iðkenndur, stjórnarfólk, forráðamenn og foreldrar  draga vagninn með góðu fordæmi. Í október flutti skrifstofa félagsins í nýja aðstöðu í anddyri Egilshallar.  Með þessum flutningum þá er skrifstofan komin á mjög áberandi stað og hjarta félagsins hefur stækkað verulega við þennan flutning.  Við merkjum verulega fjölgun hjá okkur þar sem fjölnisfólk kemur saman. Skýrasta dæmið er getraunakaffið sem hefur vaxið alveg gríðarlega og skapað frábæra stemmingu í félaginu sem við viljum byggja enn frekar á.

Stór skref hafa verið tekin í samstarfi við Korpúlfa sem er félagsskapur eldri borgara í Grafarvogi.  Aukning hefur verið á skipulegum æfingum hjá þeim og eins er mikil fjölgun þar sem fólk kemur og gengur í Egilshöll og sest svo niður hjá okkur í nýju félagsaðstöðunni og fær sér kaffi og spjallar.  Þetta er í fullu samræmi við okkar stefnu að félagið sé fyrir allan aldur.

Í september hófum við samstarf við strætó og ÍBR um að koma okkar yngstu iðkenndum á æfingar strax eftir skóla.  Við notum strætó og sjáum um að fylgja krökkunum frá frístundaheimili á æfingu og aftur tilbaka.  Verkefnið hefur gengið vel og vonumst við til þess að efla það enn frekar næsta haust.  Með þessu verkefni þá eiga að skapast betri tækifæri með að hafa fleiri greinar og iðkenndur í Egilshöll og þar með gefið krökkum meiri tækifæri til að æfa fleiri greinar svo ekki sé talað um hagræna þáttinn sem er betri nýting mannvirkja og fjölskylduvænna umhverfi fyrir börnin sem hafa þá mörg lokið sínum skipulagða degi fyrr en áður.  Framtíðin hér liggur svo í íþróttafrístundaheimili í Egilshöll.

Í aðstöðumálum er það helst, að unnið var að framgangi nýja íþróttahússins í Egilshöll en það verður tekið í notkun 31 júlí 2018.  Einnig er unnið að því að tryggja frjálsíþróttadeildinni pláss í austurenda Egilshallar og bæta búningsklefa aðstöðu fyrir meistaraflokka félagsins í knattspyrnu í samstarfi við Reginn.  Einnig er vinna í gangi við stúkubyggingu við Extravöllinn

sem við stefnum á að vígja í maí 2019 sem mun gjörbreyta aðstöðu fyrir áhorfendur og félagið allt.

Á nýju ári verður áfram unnið af krafti við að gera félagið skemmtilegt og áhugavert fyrir krakka og eldra fólk til að starfa í, enda eru verkefnin mörg og margvísleg og ættu flestir að finna sér eitthvað við hæfi, hvort sem það er að vera með eða að stefna á sigra í sinni grein. Starfsfólk, iðkendur, stjórnarfólk og sjálfboðaliðar hafa allir staðið sig vel á árinu og sýnt að þeir hafa metnað og getu til að takast á við stór og smá verkefni og vinna úr þeim félaginu og sér til sóma.

Ég vil nota tækifærið og þakka öllum fyrir samstarfið á árinu, sérstaklega vil ég þakka samstarfsmönnum mínum fyrir mikinn áhuga og metnað við að gera nýju aðstöðu félagsins hagkvæma og glæsilega og vera þannig sér og félaginu til mikils sóma.

Árið 2018 verður krefjandi og spennandi.  Félagið verður 30 ára og nóg annað um að vera í einu stærsta íþróttafélagi landsins.

Guðmundur L Gunnarsson

Framkvæmdastjóri

# STARFSMENN

## Skrifstofa Fjölnis

**Framkvæmdastjóri**
Guðmundur L Gunnarsson
gummi@fjolnir.is / 578-2700

**Íþrótta- og félagsmálastjóri**
Málfríður Sigurhansdóttir
malfridur@fjolnir.is / 578-2702

**Íþróttafulltrúi**
Hermann Kr Hreinsson
hemmi@fjolnir.is / 578-2703

**Bókhald**
Ragnheiður G Jóhannesdóttir
bokari@fjolnir.is / 578-2704

*Hjá þeim er hægt að fá allar upplýsingar um starfsemi félagsins.*

## Starfsmenn Dalhúsa – Íþróttahús

**Rekstrarstjóri í Dalhúsum og vallarstjóri**
Zoran Stosic
zoran@fjolnir.is /690-0242

**Starfsmaður í Dalhúsum**
Boban Ristic
dalhus@fjolnir.is / 690-0242

**Starfsmaður í Dalhúsum**
Sigríður Rut
dalhus@fjolnir.is / 690-0242

## Helstu verkefni

-Almenn húsvarsla í Dalhúsum.
-Taka á móti grunnskólabörnum og iðkendum Fjölnis.
-Baðvarsla og þrif á húsnæðinu.
-Almenn gæsla og fylgja eftir umgengnisreglum Dalhúsa.
-Afgreiðsla og önnur tilfallandi störf.
-Umhirða á grasvöllum (útisvæði) á sumrin.

# AÐALSTJÓRN

**Aðalstjórn Ungmennafélagsins  Fjölnis**

**kosin á aðalfundi 15. febrúar 2017**

Formaður
Jón Karl Ólafsson
jonkarlo@outlook.com
899 6110

Varaformaður
Birgir Gunnlaugsson
birgir@dynax.is
895 2065

Stjórnarmaður
Pétur Veigar Pétursson
heidrunogpetur@simnet.is
897-1626

Stjórnarmaður
Elísa Kristmannsdóttir
elisa@straeto.is
617-2542

Stjórnarmaður
Styrmir Freyr Böðvarsson
styrmirb@mannvit.is
863-6320

Stjórnarmaður
Laufey Jörgensdóttir
laufeyjorgens@gmail.com
895 0875

Stjórnarmaður
Sveinn Ingvarsson
sveinn@tm.is
863 6491

# SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR FJÖLNIS FYRIR REKSTRARÁRIÐ 2017

Aðalfundir deilda Fjölnis voru haldnir í upphafi árs 2017.
Dagskrá aðalfunda deilda var eftirfarandi skv. lögum félagsins;

a. Skýrsla stjórnar
b. Reikningar deildar
c. Kjör formanns
d. Kjör stjórnarmanna
e. Önnur mál

## Skýrsla aðalstjórnar



Ungmennafélagið Fjölnir varð 30 ára gamalt í upphafi þessa árs.  Tæplega 100 manns komu saman til fundar þann 11. febrúar 1988 og stofnuðu Ungmennafélag Grafarvogs.  Þannig hefst saga þessa mikla félags, saga sem enn er í mótun og enn er verið að rita.  Á árunum eftir 1984 reis ný íbúðabyggð hér í Grafarvogi og var mikill hugur um að standa vel að félagslegum málefnum hverfisins.  Á stjórnarfundi á fyrsta starfsári skátafélagsins Vogabúa, tók Stefán Már Guðmundsson upp þá tillögu Pálma Gíslasonar, þáverandi formanns Ungmennafélags Íslands, að UMFÍ kæmi að stofnun Ungmennafélags í Grafarvogi.  Mikill áhugi var innan hverfisins fyrir stofnun íþróttafélags, en Vogabúar höfðu staðið fyrir knattspyrnumóti milli bekkja í Foldaskóla í september 1987.  Nokkrir drengir á aldrinum 12-13 ára höfðu þá um sumarið gengið á fund Olíuverslunar Íslands (OLÍS) og fengið styrk til kaupa á búningum til að nota í slíkum keppnum.  Þessi fyrsti búningur var vínrauður með gulum ermum, en ekki er mikið vitað meira um þennan hóp, né þann búning.
Á stjórnarfundi skátafélagsins var ákveðið, að tilnefna þá Guðmund G. Kristinsson, þáverandi aðstoðarfélagsforingja, og Stefán Má Guðmundsson, deildarforingja til að vinna að undirbúningi stofnunar íþróttafélags í Grafarvogi.  Þeir Guðmundur og Stefán boðuðu áhugasama aðila á fund og voru félagar úr Ungmennafélaginu Vesturhlíð og Ungmennafélagi Íslands undirbúningshópnum innan handar.  Ákveðið var að leggja könnun fyrir skólabörnin í

Foldaskóla veturinn 1987-1988 og kanna áhuga á íþróttaiðkun. Sú könnun leiddi í ljós mikinn áhuga á slíku starfi og þá sérstaklega á knattspyrnu og frjálsum íþróttum. Stofnfundur félagsins var síðan haldinn í Foldaskóla þann 11.febrúar 1988 eins og áður segir. Þar var kosið í fyrstu stjórn félagsins og nafn þess ákveðið. Á stofnfundinn barst vegleg peningagjöf frá Ungmennafélagi Íslands.

Fyrsti formaður félagsins var kjörinn Guðmundur G. Kristinsson og gegndi hann því starfi í fimm ár eða fram til ársins 1993. Aðrir sem fengu kosningu í fyrstu stjórn hins nýstofnaða íþróttafélags voru Þorsteinn Þorsteinsson, Jón Eiríksson, Sigurður Þorsteinsson, Kristinn Sigurðsson, Þórhallur Þórhallsson og Jóhannes Bárðarson. Allir þessir frumkvöðlar eiga miklar þakkir skyldar fyrir störf sín í þágu Fjölnis.

Formenn félagsins síðan þá hafa verið:

| | | |
|---|---|---|
| Snorri Hjaltason | 1993-1998 | Heiðursforseti Fjölnis |
| Jón Þorbjörnsson | 1998-1999 | |
| Friðrik Hansen | 1999-2000 | |
| Snorri Hjaltason | 2000-2003 | |
| Guðlaugur Þór Þórðarson | 2003-2007 | Heiðursforseti Fjölnis |
| Ragnar Þórir Guðgeirsson | 2007-2009 | |
| Jón Karl Ólafsson | 2009- ? | |

Þó að frumkvöðlar félagsins hafi verið stórhuga á sínum tíma, þá efast ég um að þeir hafi getað séð fyrir hversu stórt og glæsilegt félagið hefur orðið á þeim þrjátíu árum sem liðin eru frá stofnun þess. Það má vera að menn túlki hugtakið stórveldi í íþróttum á mismunandi hátt. Sumir telja eflaust að aldur félags skipti mestu máli, en aðrir vilja frekar vísa í stærð og umsvif. Fjölnir er í dag eitt stærsta íþróttafélag landsins, þar sem um 3.500 iðkendur stunda íþróttir sínar í mismunandi íþróttagreinum hjá níu deildum félagsins. Daglega eru um 150 starfsmenn – þjálfarar, aðstoðarmenn og skrifstofufólk að störfum hjá félaginu. Auk þess koma gífurlegur fjöldi sjálfboðaliða að starfsemi félagsins. Iðkendur okkar, starfsmenn og síðast en ekki síst sjálfboðaliðar eru auðlegð félagsins, sem við erum óendanlega stolt af. Fjölnir er þegar orðið stórveldi í íþróttum hér á landi og framtíð félagsins er björt. Við erum farin að sjá aðra kynslóð Fjölnismanna koma til starfa, aðila sem hafa verið Fjölnismenn allt sitt líf. Félagið hefur vaxið og dafnað og velta og umsvif hafa líklega aldrei verið meiri en á síðasta ári. Ég vil fyrir hönd félagsins færa öllum þeim sem starfa fyrir félagið okkar bestu þakkir fyrir framlag þeirra til Fjölnis.

Afkoma Fjölnis hefur versnað á árinu 2017 eftir nokkur góð ár í rekstri og varð nokkuð tap af heildarrekstri félagsins á árinu. Fjárhagsstaða félagsins er þó áfram traust, félagið skuldar ekki mikið og við erum vel í stakk búin til að takast á við verkefni framtíðarinnar. Það hefur áður komið fram, að það er ekki sérstakt markmið að hagnast á rekstri íþróttafélaga. Það er staðreynd, að reksturinn getur verið mjög sveiflukenndur og afkoma sveiflast mjög á milli ára. Þetta sést vel í afkomu síðasta árs. Við verðum að geta mætt slíkum sveiflum og við lítum á það sem eitt af meginverkefni aðalsjóðs og aðalstjórnar félagsins, að jafna slíkar sveiflur og halda jafnvægi í heildarrekstri Fjölnis.

Fagleg vinna innan félagsins er að mestu unnin í deildum Fjölnis og stjórnir deilda vinna þar frábært starf og bera auk þess ábyrgð á daglegum rekstri hverrar deildar fyrir sig. Meginverkefni aðalstjórnar eru fjármál félagsins í heild, stefnumótun og samræming starfseminnar. Aðstöðumál félagsins hafa einnig tekið mikið af tíma aðalstjórnar.

**Aðstöðumál**

Það hefur mikið áunnist í aðstöðumálum félagins á undanförnum árum og staðan hefur gjörbreyst. Aðstöðumál eru eitthvað sem líklega verða aldrei fullkláruð og enn á eftir að finna lausnir á aðstöðu nokkurra deilda. Frjálsíþróttadeild er ekki með aðstöðu sem skyldi og við höfum einnig verið að ræða bætta aðstöðu fyrir tennisdeild félagsins. Aðstaða annarra deilda hefur batnað mikið nú þegar, eða á næstu mánuðum.



Fyrst ber að nefna þá byltingu, sem varð í aðstöðu fimleikadeildar með tilkomu nýja fimleikahússins. Starfsemin hefur vaxið og dafnað og sem fyrr er metnaður mikill í starfi deildarinnar. Fimleikadeildin er nú orðin stærsta deild Fjölnis eftir vöxt undanfarinna ára. Það verður gaman að fylgjast með þegar afreksfólk deildarinnar fer að láta enn frekar að sér kveða á næstu árum.

Bygging á nýja alhliða íþróttahúsinu er nú í fullum gangi og reiknað er með að húsið verði tilbúið til notkunar í júlí á þessu ári. Þetta mun gjörbreyta aðstöðumálum hjá iðkendum í körfu og handbolta, frá yngstu flokkum upp í afrekshópa. Keppnisaðstaða verður áfram í Dalhúsum í það minnsta fyrst um sinn. Það er þó unnið að því að húsið verði keppnishús í framtíðinni, þar sem hægt verður að koma fyrir tæplega 2.000 áhorfendum á ýmsa íþróttaviðburði. Eins og margoft hefur komið fram, þá hefur aðstaða félagsins verið allt of



takmörkuð undanfarin ár, þar sem Dalhús hafa í raun verið eina löglega íþróttahúsið í hverfinu. Nú horfir einfaldlega til betri vegar og mun skapast aðstaða sem sárlega hefur vantað fyrir núverandi deildir og jafnvel munu skapast aðstaða fyrir fleiri greinar í framtíðinni.
Það er fasteignafélagið Reginn sem á og rekur Egilshöllina og félagið stendur fyrir byggingu þeirra mannvirkja sem hafa risið þar á síðustu árum. Samstarf Fjölnis og Regins hefur verið mjög gott og vil ég þakka þeim fyrir frábært samstarf. Samningur hefur verið undirritaður á milli Regins og Fjölnis um rekstrarfélag, sem sér um daglegan rekstur Egilshallar. Í því samstarfi felst meðal annars sala á auglýsingum í og við mannvirkin, sala á lausum tímum í íþróttamannvirkjum, auk þjónustu við þá sem leið eiga um húsið á hverjum degi. Egilshöllin er ótrúlegt mannvirki, þar sem gríðarlegur fjöldi kemur dag hvern í húsið til að njóta þeirrar þjónustu sem þar stendur til boða. Samkvæmt talningu koma fleiri í Egilshöll en í Hörpuna, þannig að hér er um að ræða mikla félagsmiðstöð. Hluti af samningi við Reginn er ný og glæsileg skrifstofa Fjölnis, sem nýlega var opnuð í anddyri Egilshallar. Þessi nýja skrifstofa flytur starfsemi Fjölnis í miðpunkt byggingarinnar, þar sem hún er eitt það fyrsta sem sést þegar gengið er inn í Egilshöll. Nýja aðstaðan er sérlega glæsileg og skapar frábæran ramma um starf félagsins og þarna er kominn aðstaða, sem iðkendur og aðrir geta komið og notað til félagsstarfs og fundarhalda.
Á síðasta ári var undirritaður samningur á milli Fjölnis og Borgarholtsskóla um aukið samstarf. Skólinn mun nýta íþróttamannvirki Grafarvogs til kennslu fyrir sína nemendur. Fjölnir tengist íþróttaakademíu skólans með auknum hætti og mun þetta eflaust efla afrekstarf okkar til framtíðar. Þetta eru gríðarlega spennandi tækifæri, sem verður gaman að sjá þróast á næstu árum.
Nú sér loksins fyrir endann á þeim vanda sem við höfum verið í vegna aðstöðu áhorfenda við knattspyrnuvöll okkar við Dalhús. Eins og áður hefur komið fram, þá uppfyllir völlurinn ekki kröfur KSÍ um áhorfendaaðstöðu og því höfum við starfað á undanþágum frá reglum KSÍ með aðstöðu. Nú nýlega var samþykkt í borgarráði, að leggja 200 milljónir í byggingu á stúku, sem gert er ráð fyrir að komi framan á Dalhús. Þar er gert ráð fyrir 1.200 manna stúku og góðri aðstöðu fyrir áhorfendur. Núverandi áhorfendaaðstaða verður áfram til staðar, þannig



að eftir breytingar má reikna með, að hægt verði að taka um 2.000 áhorfendur í sæti við Dalhús. Við vonumst til að framkvæmdir geti hafist strax á þessu ári og vonandi verður hægt að vígja nýja stúku fyrir tímabilið 2019. Það verður væntanlega ekki hægt að ganga endanlega frá öllu rými við slíka stúku fyrir það fjármagn sem úthlutað hefur verið í verkið. Það verður verkefni okkar og borgarinnar að finna fjármagn til að klára búningsaðstöðu og fleira, sem getur komið í rými sem myndast undir slíkum stúkum. Það er ánægjulegt, að komin er lausn sem hægt er að vinna með og skapa viðunandi aðstöðu fyrir áhorfendur, sem munu flykkjast á völlinn í framtíðinni.

Eins og áður hefur komið fram hefur mikið gerst í aðstöðumálum Fjölnis. Almennt er aðstaðan að verða nokkuð góð og það gleymist oft í daglegri umræðu. Æfingarsvæði-félagsins við Dalhús er mjög gott og eitt það besta sem völ er á í borginni. Aðstaðan í og við Egilshöll verður sífellt glæsilegri og þar verður örugglega miðstöð íþrótta í framtíðinni. Nýtt gervigras er nú komið á báða knattspyrnuvellina í og við Egilshöll núna í vor, bæði á vellinum innandyra og utandyra.

Það hefur verið stefna okkar að vera fjölgreinafélag og við erum stolt af þeirri stefnu. Við bjóðum iðkendum marga skemmtilega valkosti og við höfum það á stefnuskrá okkar að halda því áfram. Aðstaða stærstu deildanna er að verða nokkuð góð, en aðstaða sumra deilda er enn ekki viðunandi því að verkefni aðstöðumála verður seint tæmt. Karatedeild félagsins er með aðstöðu í Egilshöll, þar sem deildin kom sér fyrir á árinu 2009. Aðstaðan er í sjálfu sér ágæt, en það eru þó takmarkanir á stækkunarmöguleikum deildarinnar í núverandi sal. Nýja íþróttahúsið getur hugsanlega nýst karatedeild að einhverju leiti, til sýninga og keppni. Með nýju húsi ætti að vera hægt að bæta einhverju við og aðstaða fyrir keppni og sýningar verður betri.

Sunddeildin æfir í sundlauginni í Dalhúsum, þar sem aðstaða er þegar orðin mjög þröng. Afreksstarf deildarinnar fer sem fyrr allt fram í Laugardalslaug, þar sem iðkendur æfa með afreksmönnum frá öðrum íþróttafélögum í Reykjavík. Frjálsíþróttadeildin býr því miður áfram við mjög takmarkaða aðstöðu innan hverfis, en afreksfólk okkar æfir mest í Laugardal. Viðræður hafa nú staðið í nokkuð langan tíma um að nýta aðstöðu í austurenda Egilshallar, þar sem áður voru geymslur og síðan fimleikaaðstaða til nokkurra ára. Þar er fyrirhugað að

koma upp aðstöðu, sem gæti nýst yngstu iðkendum félagsins til æfinga. Við vonumst til að niðurstaða fáist í það mál hið fyrsta.
Aðstaða tennisdeildar er áfram takmörkuð og hafa viðræður við Reykjavíkurborg um bætta sameiginlega aðstöðu til tennisiðkunar í Reykjavík ekki enn borið árangur. Æfingar eru mest í Sporthúsinu í Kópavogi, en hægt að setja upp tennisnet á ákveðnum völlum við Egilshöll.
Skákdeildin er sem fyrr með sína öflugu starfsemi í frábæru samstarfi við Rimaskóla.

**Starfsemi félagsins**

Skrifstofa félagsins sér um allan daglegan rekstur félagsins og er fjármálum allra deilda sinnt af starfsfólki þar. Félagið hefur á að skipa frábæru starfsfólki, sem gegnir lykilhlutverki í rekstri félagsins. Við erum svo heppin, að mikið af okkar fólki hefur unnið hjá okkur í langan tíma og þekkir félagið, starfsemi þess og þjónustu mjög vel. Framkvæmdastjóri félagsins er eins og áður Guðmundur L. Gunnarsson, en hann hefur einnig sinnt fjármálastjórn félagsins undanfarin ár. Auk þess starfa áfram á skrifstofunni Málfríður Sigurhansdóttir, sem er íþrótta- og félagsmálastjóri, Ragnheiður G. Jóhannesdóttir, sem sér um færslu á bókhaldi og Hermann Hreinsson, sem er í starfi íþróttafulltrúa, auk þess að vera þjálfari í yngri flokkum í knattspyrnu. Halla Karí Hjaltested rekstrarstjóri fimleikadeildar félagsins, Þorgerður Ósk Jónsdóttir, skrifstofustjóri fimleikadeildar og Gunnar Már Guðmundsson, yfirþjálfari knattspyrnudeildar og Arnór Ásgeirsson frá handknattleiksdeild hafa einnig aðstöðu á skrifstofu félagsins í Egilshöll. Í Dalhúsum ræður nú ríkjum Zoran Stosic, rekstrar- og vallarstjóri -, en þar vinna einnig Boban Ristic og Sigríður Rut Dubert við húsvstjórn og rekstur íþróttahússins í Dalhúsum. Auk þeirra kemur ungt og efnilegt Fjölnisfólk til tilfallandi starfa, sem vinnur með okkar fólki í Dalhúsum við að manna „búrið“ í Dalhúsum og fleiri verkefni.
Mannauður Fjölnis liggur í frábærum iðkendum og starfsmönnum félagsins. Hjá Fjölni starfa reglulega yfir 150 manns við þjálfun hjá hinum ýmsu deildum félagsins. Störf sjálfboðaliða verða síðan seint fullþökkuð, því að þau eru gríðarlega mikilvæg félagi eins og Fjölni. Það eru ótalin ársverk í mönnun stjórna deilda, mönnun hinna margvíslegu viðburða sem eru haldnir reglulega, mönnun ráða og vinnuhópa, sem taka að sér öll þó ótal verkefni sem til falla við slíkan rekstur. Það eru miklar og vaxandi kröfur gerðar til þeirra sem starfa að íþrótta- og æskulýðsstarfi. Ég vil persónulega þakka öllum starfsmönnum - og sjálfboðaliðum félagsins fyrir frábær störf þeirra og gott samstarf á árinu og á undanförnum árum.
Í aðalstjórn Fjölnis starfsárið 2017 sátu: Jón Karl Ólafsson, formaður, Birgir Gunnlaugsson, varaformaður, Elísa Kristmannsdóttir, gjaldkeri, Laufey Jörgensdóttir, ritari, Sveinn Ingvarsson, Pétur Veigar Pétursson og Styrmir Freyr Böðvarsson. Stjórnarfundir eru

mánaðarlega, fyrir utan það að frí er tekið í júlímánuði. Ef sérstök mál koma upp, þá hefur verið boðað til aukafunda ef þörf er talin á slíku. Af öllum ólöstuðum, þá hefur Birgir Gunnlaugsson unnið gríðarlega mikið starf mjög lengi fyrir Fjölni. Hann hefur nú ákveðið að bjóða sig ekki fram til stjórnar. Það verður eftirsjá af störfum Bigga hjá félaginu, en við erum mjög þakklát fyrir allt hans framlag til starfa hjá Fjölni og ekki síður hjá UMFÍ, þar sem hann gætti hagsmuna félagsins til margra ára. Ég vil þakka öllum meðstjórnendum mínum fyrir frábært samstarf á árinu.

**Fjármál**

Afkoma Fjölnis versnar mikið árið 2017 frá árinu áður og er ekki nægilega góð, eins og fram kemur í reikningum félagsins. Rekstur var þungur á síðasta ári og sem fyrr er helsta áskorun í afreksstarfi deilda. Eins og áður hefur komið fram, þá er eðli starfsemi eins og okkar að vera nokkuð sveiflukennd. Það er í sjálfu sér ekki markmið að hagnast á rekstri okkar, en það er mjög mikilvægt að hafa aðhald í rekstri til að mæta þeim sveiflum, sem við vitum að verða áfram á rekstrarumhverfi félagsins. Rekstur félagsins er orðin mjög skilvirkur og vel er fylgst með daglegum rekstri.

Kostnaður við rekstur meistaraflokka heldur áfram að hækka, en tekjur af þessum rekstri nær ekki að hækka með saman hætti. Við höfum höfum undanfarin kallað eftir samtali við önnur félög og heildarsamtök okkar um þessi mál. Aðstaða íþróttafélaga er mjög mismunandi og nú hafa nokkur þeirra farið út í byggingarstarfsemi á landsvæðum sem tilheyra viðkomandi félagi. Þetta getur verið leið til að tryggja rekstrargrunn félaga, en þá verða menn að horfa til annarra félaga, sem ekki hafa slíkt landsvæði til umráða og hafa því ekki tækifæri til tekjuöflunar með sama hætti. Það þarf auk þess að velta upp þeirri spurningu, hvort að áhætta af slíkum rekstri verði alfarið hjá viðkomandi íþróttafélagi, eða hvort að yfirvöld ætla að koma að þeim málum með einhverjum hætti. Það er mjög mikilvægt að menn ræði þetta málefnalega, en fari ekki í meting um mismunandi stöðu íþróttafélaga. Vonandi verður þetta rætt á næstu mánuðum.

Samningar við Reykjavíkurborg hafa lagast á undanförnum árum og eru samningar nú verðbættir og endurspegla því kostnað félaga betur en áður. Við höfum undanfarin ár verið að fá tekjur vegna frábærra Fjölnismanna sem stunda íþróttir sem atvinnu á erlendri grund. Þessar tekjur voru þó í lágmarki á síðasta ári og hefur það bein áhrif á afkomu knattspyrnudeildar sérstaklega. Tekjur frá KSÍ hafa vaxið vegna góðs gengis landsliða okkar í knattspyrnu. Hluti af þessum tekjum hafa runnið beint til aðildarfélaga KSÍ. Vonandi má

reikna með viðbótartekjum á árinu 2018 vegna þátttöku karlalandsliðsins í HM í Rússlandi í sumar.

Afreksstarf deilda er fjárfrekasta starfið hjá félaginu og tekur drjúgan tíma af stjórnum deilda og starfsemi þeirra. Ég vil ítreka þakkir til stjórnarmanna og sjálfboðaliða fyrir þeirra störf og góðan árangur, oft við erfiðar aðstæður. Það er skýr stefna hjá Fjölni, að þar viljum við sýna ábyrga fjármálastjórn. Þetta hefur skilað því, að fjárhagsstaða félagsins er sterk þó að afkoma þessa árs hefði getað verið betri.

Rekstur deilda félagsins var mjög mismunandi á síðasta ári. Rekstur stærri deilda félagsins var almennt nokkuð þungur. Undantekning er þó hjá körfuboltanum, þar sem rekstur deildarinnar var í lagi. Mikið af starfi stjórnarmanna og annarra sjálfboðaliða fer í fjáraflanir og það er ljóst að þessi verkefni eru mjög misskemmtileg. Það getur reynst erfitt að fá fyrirtæki til liðs við okkur og við stólum þar mikið á persónuleg tengsl og tengingar þeirra sem starfa fyrir félagið. Þetta er því miður gríðarlega mikilvægur þáttur í rekstri íþróttafélaga og hjá því verður einfaldlega ekki komist. Það hefur verið stefna Fjölnis að færa eins mikið og hægt er af daglegum störfum og utanumhaldi inn á skrifsstofu félagsins til að létta þó a.m.k. þau störf af sjálfboðaliðum. Við getum lítið annað en hvatt fólk enn til dáða og einnig beint því til fyrirtækja, að stuðningur þeirra við félagið er ómetanlegur og gríðarlega mikilvægur.

Eins og áður segir, þá hefur rekstur körfuknattleiksdeildar snúist mikið við og hefur afkoma verið nokkuð góð nú í um tvö ár. Deildin glímdi við erfiðan rekstur í nokkur ár, en nú hefur tekist að snúa við blaði. Meistaraflokkur karla og kvenna eru í uppbyggingarstarfi og eru bæði að spila í 1.deild. Það er nokkuð ljóst að karlaflokkur okkar mun væntanlega leika í þeirri deild áfram á næsta ári. Meistaraflokkur kvenna er hins vegar enn með möguleika á að komast í deild hinna bestu. Við erum með marga efnilega leikmenn bæði hjá körlum og konum og stefnan er sem fyrr að koma okkur í hóp hinna bestu á næstu misserum. Ungmennastarfið hjá körfunni hefur gengið vel og við munum áfram eiga frábært afreksfólk í körfu á næstu árum.

Handknattleiksdeild hefur vaxið hratt undanfarin ár og hefur árangur bæði karla- og kvennaliðanna okkar í meistaraflokki verið á mikilli uppleið. Bæði lið unnu sér sæti í Úrvalsdeild á síðasta ári eftir frábæran árangur í 1.deild. Bæði liðin hafa verið að berjast í neðri hluta Úrvalsdeildar á þessu ári og er ekki ljóst með útkomuna á þessu stigi. Rekstur deildarinnar var áfram erfiður á síðasta ári og er ljóst að vera í Úrvalsdeild setur aukinn þrýsting á reksturinn. Það er því miður staðreynd, að tekjur hækka ekki mikið við að komast í deild hinna bestu, en kostnaður er frekar fljótur að hækka. Það er þó alltaf stefna okkar að eiga lið í deild hinna best, bæði í karla- og kvennaflokki. Við verðum að finna lausnir til að

auka tekur og það er verkefni næstu ára. Nýtt íþróttahús við Egilshöll mun gjörbreyta aðstöðu til æfinga bæði hjá handbolta og körfu. Ungmennastarf gengur vel hjá deildinni og Fjölnir á nú marga efnilega landsliðsmenn í yngri landsliðum og æfingarhópum, sem verða örugglega burðarásar í liði okkar og landsliðum í framtíðinni.

Rekstur knattspyrnudeildar var mjög þungur á síðasta ári. Kostnaður við rekstur meistaraflokka hefur hækkað og ekki hefur tekist að ná auknum tekjum til samræmis á móti. Launakostnaður hefur verið að hækka og er það þróun sem öll lið eru að glíma við. Karlaliðið okkar var í neðri hluta úrvalsdeildar og var í nokkurri fallbaráttu. Þetta fór þó allt vel og liðið tryggði sér áframhaldandi sæti í deildinni. Það er ljóst, að þar eigum við að sjálfsögðu heima. Það verður mjög spennandi að fylgjast með liðinu á þessu ári, þar sem Óli Palli og Gunni Már hafa tekið að sér þjálfun liðsins, en eins og allir vita eru þar á ferð uppaldir Fjölnismenn á ferð. Við höfum einnig verið að fá til baka frábæra liðsmenn auk þeirra ungu Fjölnismanna sem eru að koma upp í gegnum unglingastarf félagsins. Liðið varð síðan Reykjavíkurmeistarar núna í vetur, þannig að framhaldið er spennandi. Kvennaliðið okkar vann sig upp í 1.deild í lok síðasta keppnistímabils. Við erum þar að sjá árangur góðs starfs á undanförnum árum, þar sem uppaldar Fjölniskonur eru uppstaðan í liðinu. Það verður líka mjög gaman að fylgjast með liðinu næsta tímabil.

Tekjur vegna leikmannasölu voru mjög litlar á síðasta ári. Eins og menn muna, þá hefur þetta verið uppistaðan í sérstökum tekjum deildarinnar á undaförnum árum. Við eigum frábæra Fjölnismenn sem nú stunda sínar íþróttir erlendis og Fjölnir fær uppeldisbætur, ef viðkomandi flytur sig á milli félaga. Deildin hefur haft nokkra sjóði til að vinna með eftir góða afkomu undanfarinna ára. Taprekstur á árinu 2017 étur þó að mestu upp þessa stöðu og er því peningastaða deildarinnar orðin þrengri. Það er þó rétt að það komu fram að deildin er skuldlaus. Verkefnið er eins og hjá öllum deildum að auka tekjur deildarinnar. Núverandi tekjur frá áhorfendum, styrktaraðilum og öðrum styrkjum stendur ekki undir rekstri á liði í úrvalsdeild.

Rekstur fimleikadeildar hefur vaxið mjög á undanförnum árum eftir að nýja fimleikahúsið var tekið í notkun. Um leið og aðstaða verður svona góð, þá eflist afreksstarf í kjölfarið. Þetta er að sjálfsögðu hið besta mál, en þetta hefur þó áhrif á afkomu, þar sem kostnaður vegna afreksstarfs er hærri. Árið 2017 er fyrsta árið um nokkuð langan tíma, þar sem deildin er rekin með tapi. Þetta er ekki mikið tap og góður rekstur undanfarinna ára hefur skilað góðu búi, sem getur tekið á móti sveiflum í rekstri. Mesta hækkunin er vegna launa þjálfara, en þeim hefur fjölgað frá fyrra ári. Framundan eru mörg skemmtileg, en jafnframt krefjandi verkefni fyrir stjórn deildarinnar.

Sunddeild hefur verið lengi starfsrækt undir merkjum Fjölnis og eigum við marga frábæra afreksmenn, sem þar hafa stundað sínar íþróttir. Afkoma deildarinnar var góð á síðasta ári og reksturinn er í góðum farveg. Frjálsíþróttadeild hefur einnig verið lengi innan okkar raða og starf þar er mjög blómlegt. Rekstur deildarinnar var í járnum og er það gott mál. Tennisdeildin hefur einnig starfað lengi hjá okkur. Aðstöðumál eru þar ofarlega á baugi og skortur á aðstöðu hefur áhrif á möguleika til stækkunar. Afkoma deildarinnar var í járnum á árinu. Karatedeild hefur vaxið undanfarin ár og rekstur þar er í góðu jafnvægi. Eins og áður hefur komið fram, hafa aðstöðumál takmarkað stækkunarmöguleika deildarinnar. Skákdeild er rekin í góðu samstarfi við Rimaskóla og er aðstaða deildarinnar í góðu yfirlæti þar. Almenna deildin hefur verið að vaxa og þar hafa hlaupahópar, hjólahópar og eldri hópar skjól innan Fjölnis. Rekstur á þessari deild er í jafnvægi. Til að fá frekari upplýsingar um starf einstakra deilda er vísað í ársskýrslur stjórna deildanna, sem fylgja hér með, þar sem helstu atriði eru dregin fram.

Afkoma aðalsjóðs var áfram góð á síðasta ári og hefur rekstur hans verið nokkuð góður undanfarin ár. Það hefur áður komið fram, að hlutverk aðalsjóðs er fyrst og fremst að jafna sveiflur í rekstri deilda og það er því mikilvægt að við höfum aðeins borð fyrir báru í rekstri hans. Framkvæmdastjóri félagsins mun fara nánar yfir reikninga og skýringar við þá.

**Styrktaraðilar**

Helstu styrktaraðilar Fjölnis hafa haldið tryggð við félagið og þeir voru sem fyrr N1, Bónus og Landsbankinn. Við höfum unnið lengi með þessu aðilum og þeir hafa staðið við bakið á félaginu í gegnum þykkt og þunnt á undanförnum árum. Það er aldrei of oft tekið fram, að það er ómetanlegt að hafa svo traust og öflug fyrirtæki sem bakhjarla. Án þeirra væri starf félagsins nær ómöguleg. Ég vil ítreka þakkir til forráðamanna þessara fyrirtækja fyrir frábært samstarf og góðan hug þeirra til Fjölnis. Það hefur reynst erfitt verkefni að fjölga aðalstyrktaraðilum frá því sem nú er. Mikil samkeppni er um það fjármagn, sem fyrirtæki leggja í slíka styrki. Nú hefur Landbankinn ákveðið að endurskoða samninga við Fjölni og er því nokkur óvissa um framhald á því góða samstarfi. Við munum reyna að funda með bankanum á næstu vikum, en auk þess verðum við að ræða við aðra aðila.

Deildir félagsins hafa verið öflugar í að ræða við ýmis fyrirtæki sem stutt hafa vel við bakið á hinum mismunandi deildum félagsins og færum við þeim öllum okkar bestu þakkir. Ég vil sérstaklega Ölgerð Egils Skallagrímssonar, sem hefur verið góður samstarfsaðili félagsins í nokkrum deildum. Tryggingarfélagið TM hefur einnig komið nokkuð að starfi hjá knattspyrnudeild og þökkum við að sjálfsögðu einnig fyrir þann stuðning. Verkefnið er áfram að fá fleiri til liðs við okkar, því að án stuðnings fyrirtækja er afreksstarf félagsins mun erfiðara í rekstri.

**Daglega starfið**

Faglegu starfi allra deilda er stýrt af stjórnum þeirra og þær eru einnig ábyrgar fyrir daglegu starfi deildanna. Í þessum stjórnum er frábært fólk, sem vinnur mikið og óeigingjarnt starf fyrir félagið. Í skýrslum formanna deilda er fjallað nánar um deildirnar og ég vísa í þessar skýrslur til frekari upplýsinga um daglegt starf og ætla ekki að fjalla nánar um það hér.

Þorrablót Fjölnis var sem fyrr haldið núna í janúar. Það var mjög ánægjulegt að sjá, að það seldist upp á þorrablótið á mettíma og um 850 matargestir og tæplega 300 aðrir ballgestir skemmtu sér konunglega fram á nótt. Það er rétt að árétta, að þorrablótið er orðið stærsta einstaka fjáröflun fyrir félagið og ég vil þakka þeim sem komu sérstaklega fyrir þeirra framlag. Þetta er komið til að vera og ég hlakka til að sjá alla aftur á næsta þorrablóti. Herrakvöld Fjölnis hefur einnig vaxið áfram, en nú bar svo við, að kvennakvöld félagsins var fellt niður vegna dræmrar þátttöku. Vonandi næst að koma þeim skemmtilega viðburði aftur í gang, því að þar var mikið fjör undanfarin ár. Ég vil hvetja ykkur til að halda áfram að koma að þessum viðburðum og öðrum á vegum félagsins á næstu misserum. Auk þess vil ég heita á alla Grafarvogsbúa að fjölmenna á þá fjölmörgu leiki og aðra íþróttarviðburði, sem eru á vegum Fjölnis nær því á hverjum einasta degi í hverfinu. Stuðningur ykkar er mjög mikilvægur.

Á síðasta þingi UMFÍ, sem haldið var á Egilsstöðum í haust var felld umsókn íþróttabandalaga um inngöngu í UMFÍ. Þessi mál hafa verið til umræðu um árabil og hafa verið skiptar skoðanir á því hvort að slíka aðkoma styrki UMFÍ eða ekki. Við hjá Fjölni höfum ávallt haldið okkur til hlés í kosningum um þetta mál, þar sem við teljum að við sitjum báðum megin borðs í þessari umræðu. Við erum í dag beinn þátttakandi í starfi (með beina aðild að) UMFÍ. Það mun breytast ef ÍBR verður beinn aðili að UMFÍ. Við munum þá verða meðlimir í UMFÍ í gegnum ÍBR, eins og önnur íþróttafélög innan þeirra samtaka.

Helsta ágreiningsefnið hefur verið um skiptingu Lottótekna og fjölda þingfulltrúa á þingum UMFÍ. Við áttum fulltrúa í vinnuhópi, sem mat hugsanleg áhrif af inngöngu þessara bandalaga. Niðurstaðan var sú, að skipting Lottótekna breytist ekki neitt við þessa mögulegu

inngöngu. Auk þess eru settar takmarkanir á þingfulltrúa stærri aðildarfélaga, til að reyna að koma í veg fyrir mögulega blokkamyndun.
Stjórn UMFÍ var ekki sátt við niðurstöðu fundarins á Egilsstöðum og hefur farið fram á, að þessu samtali verði haldið áfram og kostir og gallar verði áfram skoðaðir. UMFÍ hefur farið fram á að Fjölnir taki áfram þátt í því samtali og höfum við samþykkt það. Það er ljóst, að stækkun samtakanna getur haft jákvæða niðurstöðu, sérstaklega ef litið verður til heildarskipulags yfirstjórnar íþróttamál á landinu. Það verður því áhugavert að sjá niðurstöðu úr þessari vinnu.

**Viðurkenningar**
Einn skemmtilegasti viðburður hvers árs, er þegar við heiðrum afreksmenn deilda, afreksfólk Fjölnis og Fjölnismann ársins í lok hvers árs. Í ár var tekin upp sú venja, að heiðra sérstaklega bæði íþróttamann og íþróttakonu Fjölnis og er þessi hefð komin til að vera. Félagið hefur á að skipa miklum fjölda frábærra íþróttamanna og kvenna og það er ánægjulegt að heiðra þá sérstaklega, sem eru fremstir meðal jafninga hverju sinni. Auk þess er mikill fjöldi sjálfboðaliða og starfsmanna sem vinna gríðarlega óeigingjarnt starf fyrir félagið okkar og það er einnig gaman að geta heiðrað aðila sérstaklega, sem hafa lagt félaginu lið í uppbyggingu undanfarinna ára.
Viðurkenningar fyrir árið 2017 hlutu:

| | |
|---|---|
| **Íþróttakona Fjölnis:** | **Andrea Jacobsen, handknattleiksdeild** |
| **Íþróttakarl Fjölnis:** | **Þórður Ingason, knattspyrnudeild** |
| **Fjölnismaður ársins:** | **Óskar Hlynsson, yfirþjálfari frjálsíþróttadeildar** |



Andrea Jakobsen Þórður Ingason Óskar Hlynsson

Andrea var hluti af frábæru liði meistaraflokks kvenna sem tryggði sér líkt og strákarnir, sæti í efstu deild með sigri í 1. deild. Í liðinu lék Andrea stórt hlutverk bæði í vörn og sókn. Hún var

einnig valin í A landslið kvenna á árinu og spilaði sína fyrstu landsleiki ásamt því að skora sín fyrstu landsliðsmörk.

Þórður er einn af mörgum uppöldum Fjölnismönnum í meistaraflokki karla í knattspyrnu og var fyrirliði liðsins í sumar. Hann er lykilmaður í liði meistaraflokks og átti mjög stóran þátt í því að halda Fjölni í deild þeirra bestu með frábærum markvörslum oft á tíðum. Þórður var einn allra besti markmaður Pepsi-deildarinnar á tímabilinu og góður leiðtogi og fyrirmynd í liðinu.

Óskar hefur starfað sem þjálfari hjá frjálsíþróttadeildinni í mörg ár og hann hefur einnig setið í stjórn deildarinnar. Síðustu ár hefur hann starfað sem yfirþjálfari. Sem þjálfari hefur hann haft mikil áhrif á þau ungmenni sem hafa lagt stund á frjálsar íþróttir hjá félaginu og smitað þau af sínum mikla áhuga á íþróttinni. Sést það best á þeim gríðarlega góða árangri sem ungmennin hafa sýnt á mótum hérlendis og erlendis. Hann hefur einnig miðlað þekkingu sinni til annarra þjálfara hjá félaginu. Árið 2011 fékk hann silfurmerki Fjölnis og árið 2017 fékk hann gullmerki félagsins. Óskar hefur unnið mikið sjálfboðaliðastarf fyrir deildina, á fjölda móta og við margskonar fjáröflunum fyrir deildina. Hann hefur komið að skipulagningu viðburða á vegum deildarinnar og Óskar er alltaf tilbúinn að greiða götu þeirra sem þurfa á hans aðstoð að halda. Óskar hefur því verið frábær fyrirmynd og heldur því áfram, því að hann fékk á dögunum viðurkenningu á uppskeruhátíð FRÍ fyrir góðan árangur, sem keppandi í öldungaflokki „Öldungur ársins“.

Það var fjölmenni þegar viðurkenningar voru veittar þann 29.desember s.l. og var mjög gaman að sjá hve margir komu til að samfagna með okkar glæsilegu iðkendum. Auk þess að velja þau þrjú sem að framan getur voru afreksmenn og konur allra deilda félagsins sérstaklega heiðraðir. Lista yfir þetta frábæra afreksfólk okkar er að finna á heimasíðu Fjölnis.

**Verkefnin framundan**

Eins og fram kom í inngangi, þá er það mér til efs að frumkvöðlarnir sem stóðu að stofnun Fjölnis hafi séð fyrir hversu mikið stórveldi á sviði íþrótta á Íslandi félagið er orðið. Það er og verður stefna okkar að halda áfram að efla félagið. Framtíðin er björt og það verður mjög gaman að fylgjast með næsta æviskeiði hjá þessum þrítuga „unglingi“. Við eigum mikinn og stækkandi hóp af frábærum Fjölnismönnum, sem sífellt láta meira að sér kveða í landsliðum og öðru afreksstarfi. Það er skýrt, að meginverkefni okkar er að efla íþróttastarf ungs fólks sem kýs að vera í Fjölni og vinna að því forvarnarstarfi sem íþróttir sannanlega eru. Það er hins vegar aldrei nægilega oft sagt, að afreksstarfið er fyrirmyndin og segullinn sem hvetur

ungmennin okkar áfram.  Afreksstarfið er hins vegar einnig það sem er þyngst í rekstri og tekur mikinn tíma og vinnu hjá þeim sem leggja á sig ómælda vinnu fyrir félagið.  Við höfum skilgreint okkur sem íþróttafélag Grafarvogsbúa og ég vil enn og aftur ítreka hvatningu til alla íbúa hverfisins að koma og styðja enn frekar við félagið með því að koma á viðburði og styðja félagið okkar til dáða.  Það er mjög mikilvægt fyrir iðkendur að finna stuðning og áhuga á þeirri vinnu sem þeir leggja á sig, en ekki síður er mikilvægt fyrir félagið að fá stuðning frá nærumhverfi sínu, bæði andlegan og fjárhagslegan.

Þó að margt hafi áunnist í aðstöðumálum, þá verður sá málaflokkur seint tæmdur að fullu. Það eru því mörg verkefni þar framundan og það verður gaman að takast á við þau. Samstarf okkar við Reykjavíkurborg, Reginn og nú einnig Borgarholtsskóla er mjög gott og það verður gaman að þróa það það samstarf áfram til góðra verka.

Á síðasta ári varð mikil vakning með umræðu sem almennt gekk undir nafninu #METOO hreyfingin, þar sem konur stigu fram og lýstu þeirri mismunun, ofbeldi og áreiti sem þær hafa orðið fyrir á undanförnum árum og áratugum.  Þessi bylting og umræða er oft óþægileg og sársaukafull, en er til mikils gagns og leiðir vonandi til breytinga á misrétti, sem hefur viðgengist of lengi.  Það er ljóst, að íþróttahreyfingin þarf að skoða þessi mál, þar sem um 460 íþróttakonur stigu fram og sögðu sínar sögur.  Við höfum sent yfirlýsingar til þeirra heildarsamtaka íþróttamála,  sem við erum hluti af og lýst vilja til að vinna með þeim að breytingum og stefnumótun vegna þessar mála.  Það er ljóst, að það er best til árangurs að reyna að nýta heildarsamtök eins og ÍSÍ og UMFÍ til að taka á þessum málum.  Félögin sjálf þurfa að sjálfsögðu að vera tilbúin til breytinga og þeirri vinnu sem þær kalla á.

Það er því sem fyrr mikið af verkefnum framundan, bæði erfið og flókin, en einnig skemmtileg og alltaf uppbyggileg.  Rekstrarumhverfi íþróttafélaga er flókið og fjármögnun þeirra er ekki einfalt mál.  Við verðum sem fyrr að treysta á samstarfsaðila, sem eru ómetanlegir í daglegum rekstri okkar.  Það er mikið sótt til fyrirtækja um styrki og stuðning og þau verða oft að forgangsraða og endurskoða sína samninga.  Það er gott að tengjast félagi eins og Fjölni. Við erum fjölgreinafélag, sem býður mikla þjónustu til iðkenda, sem stunda íþróttir í nafni félagsins.  Fjölnismenn og konur er glæsilegur hópur og þar að auki búum við í besta hverfinu í Reykjavík.  Við erum og eigum að vera stolt af félaginu okkar og framtíð Fjölnis er björt – **Áfram FJÖLNIR**.

Jón Karl Ólafsson
formaður Fjölnis


www.n1.is
facebook.com/enneinn
Afsláttur upp á 10
Nestisvörur, veitingar og bílavörur*
7% afsláttur
3% punktar
Ný og betri kjör fyrir korthafa
*7% staðgreiðsluafsláttur og 3% í formi punkta.
Gildir ekki af eldsneyti.
Kaffi og croissant
Nesti
Svalandi boozt og samlokur
Nesti
N1 Gagnvegi
Sími: 567 6580
Alltaf til staðar
N1

# SAMBANDSÞING UMFÍ

Við fjölnisfólk fjölmenntum á 50. sambandsþing UMFÍ sem haldið var á Hótel Hallormsstað í Fljótsdalshéraði.  Fulltrúar Fjölnis voru 11 en við eigum 17 fulltrúa á sambandsþingum.

Á myndinni má sjá fulltrúa Fjölnis í góðum gír.



Frá hægri.Ásta Björk Matthíasdóttir, Gunnar Már Guðmundsson, Halla Karí Hjaltested, Málfríður Sigurhansdóttir, Guðmundur L Gunnarsson, Hermann Kr. Hreinsson, Þorgerður Ósk Jónsdóttir, Guðmundur Árnason, Arnór Ásgeirsson, Ragnheiður G Jóhannesdóttir og Regína Ómarsdóttir.

Þinghald fór vel fram og voru umræður góðar. Fulltrúar 29 sambandsaðila UMFÍ og fleiri gestir sóttu þingið. Sambandsþing UMFÍ er æðsta vald í málefnum UMFÍ og haldið annað hvert ár.

Verkefni sambandsþings voru:

-Umræður um skýrslu liðins kjörtímabils

-Afgreiða reikninga næstliðins reikningsárs, sem er almanaksárið.

-Lagabreytingar.

-Stefnumörkun UMFÍ á komandi árum.

-Kosning formanns UMFÍ og stjórnarmanna, aðal- og varamenn í kjörnefnd auk skoðunarmanna.

-Afgreiðsla fjárhagsáætlunar næsta árs.

**Tímamótasamningur við UMFÍ**

Kristján Þór Júlíusson, mennta- og menningarmálaráðherra, og Haukur Valtýsson, formaður UMFÍ, skrifuðu á 50. sambandsþingi UMFÍ undir samning um ríkisframlag til UMFÍ til næstu þriggja ára. Þetta er tímamótasamningur enda í fyrsta sinn sem stjórnvöld semja við félagasamtök í meira en eitt ár í senn.

Kristján Þór sagði í ávarpi sínu á þinginu að í farvatninu væri að gera samninga við fleiri félagasamtök til þriggja ára í stað eins árs í senn. „Þetta gefur félögum færi á að skipuleggja sig til lengri tíma," sagði hann.

„Þessi samningur tryggir stöðugleika og gerir okkur kleift að skipuleggja starfið til lengri tíma. Við fögnum vinnubrögðum ráðherra og ráðuneytisins og höldum áfram að styðja íþrótta- og æskulýðsstarf um allt land," sagði Haukur Valtýsson, formaður UMFÍ.

**Innganga íþróttabandalaga rædd á aukaþingi**

Ákveðið var á 50. sambandsþingi UMFÍ að fela stjórn sambandsins að boða til aukaþings og taka þar fyrir eitt mál: Tillögu um inngöngu íþróttabandalaga að UMFÍ. Gangi það eftir fá flest íþróttabandalög landsins stöðu sambandsaðila UMFÍ og myndi fjöldi félaga innan UMFÍ fjölga gríðarlega. Tillögur um lagabreytingar er varða inngöngu íþróttabandalaga voru ýmist felldar eða vísað frá á þinginu þar sem ekki náðist tilskyldur 2/3 hlutar atkvæða til að breyta lögum UMFÍ. Meira en helmingur atkvæðabærra þingfulltrúa studdi lagabreytingarnar eða 63 af 109. 12 sátu hjá og 34 voru á móti.

Málið hefur verið rætt ítarlega innan sambandsaðila UMFÍ um nokkurt skeið. Fram kom tillaga á þinginu að fela stjórn að boða til aukaþings varðandi málið og var hún samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta.

„UMFÍ er á nýrri vegferð til framtíðar. Þetta er tækifæri sem við verðum að skoða vel, ræða málin á faglegan og opinskáan hátt íþróttahreyfingunni til hagsbóta," sagði Haukur Valtýsson, formaður UMFÍ, sem var endurkjörinn formaður UMFÍ til næstu tveggja ára.


SAMA VERÐ
UM LAND ALLT
32 verslanir um land allt
Reykjavík
Kópavogur
Garðabær
Hafnarfjörður
Reykjanesbær
Mosfellsbær
Akranes
Borgarnes
Stykkishólmur
Ísafjörður
Akureyri
Egilsstaðir
Selfoss
Hveragerði
Vestmannaeyjar
BÓNUS
EKKERT BRUÐL
OPIÐ ALLA DAGA
Mánud-fimmtud 11:00 - 18:30
Föstudaga 10:00 - 19:30
Laugardaga 10:00 - 18:00
Sunnudaga 12:00 - 18:00

# LANDSMÓT DANA DGI

Málfríður Sigurhansdóttir, íþrótta- og félagsmálafulltrúi og Guðmundur L Gunnarsson, framkvæmdastjóri Fjölnis fóru í ferð með stórum hópi frá UMFÍ til að kynna sér landsmót Dana. Ferðin var mjög vel heppnuð og kynntumst við mörgu skemmtilegu fólki. Svona ferðir eru mjög góðar til að víkka sjóndeildarhringinn hjá okkur og eins að kynnast því hvernig aðrir í hreyfingunni leysa sambærileg mál og við erum að vinna við í okkar starfi.

**Viðtal við Gunnar Gunnarsson, formann UÍA**

„Það er mjög áhugavert að sjá hversu vel borgaryfirvöld í Álaborg vinna með íþróttahreyfingunni að landsmótinu og hvað borgarbúar tóku mikinn þátt í mótinu. Þetta var allt saman mjög grand,“ segir Gunnar Gunnarsson, formaður Ungmenna- og íþróttasambands Austurlands (UÍA) og stjórnarmaður í UMFÍ.

**Undirbúa gott mót**

Hópurinn frá Íslandi fylgdist með undirbúningi landsmóts DGI í nokkurn tíma. Tilgangur ferðarinnar var að fræðast frekar um mótið, ræða við stjórnendur DGI um þætti á borð við aðkomu sveitarstjórna og sjálfboðaliða að mótinu, keppendur, tengsl DGI og skipuleggjenda mótsins við fjölmiðla, skipulag þess og fleira sem skiptir máli við skipulagningu stórmóta. Gunnar sagði áhugavert hafa verið að fylgjast með ytri samskiptum DGI, það er samskiptum við sveitarstjórnir og fjölmiðla, borgarbúa og ungmennafélög á landsvísu. Eftirtektarvert hafi verið í Álaborg hversu margir fjölmiðlar í Danmörku fylgdust með mótinu í borginni. Fjölmargir fréttamenn voru þar frá DR og TV2 auk fjölmiðla á Norður-Jótlandi. Fjölmiðlafólk sagði líka mikilvægt að fylgjast með mótinu enda sé það stórviðburður í þessum hluta landsins. Sýnt var beint frá setningu mótsins í danska ríkissjónvarpinu og TV2.

„Landsmót DGI er auðvitað miklu stærra í sniðum en Unglingalandsmót UMFÍ. Það er flott að sjá hvað mótið var sýnilegt í borginni og hvað fjölmiðlar sýndu því mikinn áhuga. Við sáum margt sem hægt er að útfæra á einfaldan hátt fyrir Unglingalandsmót og fyrir önnur mót á vegum UMFÍ,“ segir Gunnar.

DGI er stytting á Danmarks Gymnastik- og Idrætsforeninger (ísl. Fimleika- og íþróttafélag Danmerkur). Þetta eru systursamtök UMFÍ og hafa þau haldið landsmót frá árinu 1862. Góð samvinna og mikill vinskapur er á milli DGI og UMFÍ og er hluti af verkefnum UMFÍ byggt á fyrirmyndum sem mótaðar hafa verið hjá DGI. Stór hópur danskra ungmennafélaga kom til Íslands vorið 2015 til að kynna sér verkefni og störf íslenskra ungmennafélaga. Í ágúst 2015 kom síðan stjórn DGI í heimsókn til þess að kynna sér og upplifa unglingalandsmót UMFÍ.



# STÆKKANDI HVERFI FJÖLNIS

Hverfið okkar í dag hefur tekið miklum breytingum á síðasta áratug og það er enn frekari áframhaldandi þróun og vöxtur á næsta áratug. Allt eru þetta spennandi og krefjandi verkefni fyrir Ungmennafélagið Fjölnir sem er eitt fjölmennasta íþróttafélag landsins. Við erum í uppbyggingu á félaginu og þarf hún að taka mið að því sem gerist hjá okkur á næstu árum, það er mikil fjölgun barna og ungmenna á okkar svæði sem er nauðsynlegt til að viðhalda vexti í félaginu og nýta okkar frábæru aðstöðu í Egilshöll og í Dalhúsum. Mikil hagræðing er fyrir borgina að nýta betur þessi mannvirki vel ásamt nýjum mannvirkum sem verða byggð fyrir félagið og styðja við okkar öfluga félag til að mæta þörfum núverandi íbúa og nýrra sem flytja munu hingað á næstu árum.

Í dag er staðan svona á okkar svæði sem er Grafarvogur og Bryggjuhverfi:

Íbúar í Grafarvogi í dag eru 18.041 og hverfið er 14,5 ferkm.

Til Grafarvogshverfis teljast Hamrar, Foldir, Hús, Rimar, Borgir, Víkur, Engi, Spöng, Staðir, Höfðar, Bryggjuhverfi, Geirsnef, Gufunes og Geldinganes.

Göngu og hjólastígar í hverfinu með bundnu slitlagi eru alls 152 km, auk gangstétta

Um 800 félagar eru í Korpúlfum, félagi eldri borgara í Grafarvogi. Korpúlfar eru fjölmennustu samtök eldri borgara í Reykjavík og á Íslandi og hefur okkar samstarf verið að aukast jafnt á þétt.

Sex grunnskólar eru í Grafarvogi í dag og nemendur í þeim eru um 2160. Þeim hefur fækkað þó nokkuð á síðustu árum og á síðasta áratug hefur þeim fækkað um 1000 nemendur sem sýnir hvað verkefni okkar er krefjandi en nú má ætla að þeim fjölgi um 1000 á næstu árum. Leikskólar í Grafarvogi eru 9 talsins og í þeim eru 807 börn í dag. Leikskólastarfið í Grafarvogi þykir sérlega öflugt og gott og er án efa ein af skrautfjöðrum hverfisins.

Þannig að framtíðin er björt hjá okkur.

Mesta þétting byggðar í Reykjavík á næstu áratugum eða til ársins 2030 verður við Ártúnshöfða og Elliðavog. Bryggjuhverfið mun stækka á landfyllingum og á þessu svæði verða byggðar 3.200 íbúðir á næstu 12 árum eða fram til ársins 2030. Þetta þurfum við að búa Fjölni undir að geta sinnt þessum nýju íbúum vel með sterkum innviðum í félaginu og fullnægjandi aðstöðu.

Íbúar á þessu nýja svæði verða um 7.400 og með uppbyggingu þessa nýja svæðis er gert ráð fyrir 1.500 nýjum störfum. Á svæðinu er gert ráð fyrir tveimur nýjum grunnskólum til frambúðar og bætast þeir við okkar sex grunnskóla sem fyrir eru í Grafarvogi.

Þétting byggðar á Fjölnissvæði á næstu árum eru:




Bryggjuhverfi II 280 íbúðir
Gufunes 350 + 650 = 1.000 íbúðir
Móavegur við Spöngina 156 íbúðir
Keldur 480 íbúðir
Elliðaárvogur 4.500 íbúðir












Af þessu má ljóst vera að uppbygging Ungmennafélagsins Fjölnis þarf að vera mjög öflug og taka mið af þeirri þróun sem Reykjavíkurborg hefur skipulagt á næstu árum.  Ekki þarf að fjölyrða um það að hér vill m.a. ungt fólk búa með börnin sín, enda umhverfið frábært og innviðir margir til staðar ásamt öflugu og vaxandi Ungmennafélaginu Fjölni sem verður 30 ára á næsta ári.  Við hlökkum til að takast á við framtíðina með borginni og fólkinu okkar.

Heimildir:
Reykjavíkurborg og Grafarvogsblaðið

Landsbankinn

# FIMLEIKADEILD

Aðalfundur deildarinnar var haldinn í Egilshöll mánudaginn 30. janúar 2017, á þeim fundi var kosin eftirfarandi stjórn:

Jarþrúður H. Jóhannsdóttir, formaður

Svava Þorsteinsdóttir, gjaldkeri

Stefán H. Stefánsson, ritari

Álfheiður Sif Jónasdóttir, meðstjórnandi

Björk Guðbjörnsdóttir, meðstjórnandi

Guðrún Lilja Guðmundsdóttir, meðstjórnandi

Hjördís Þorsteinsdóttir, meðstjórnandi

María Garðarsdóttir, meðstjórnandi

Valgerður Sigurðardóttir, meðstjórnandi

# Ávarp Formanns



Þá er enn eitt árið liðið og segja má að starf fimleikadeildar Fjölnis hafi blómstrað sem aldrei fyrr. Fjöldi iðkenda hjá deildinni hefur aldrei verið meiri eins og eðlilegt má teljast eftir að nýja fimleikahúsið var tekið í notkun en reynt var að gæta þess að fjölga iðkendum jafnt og þétt en ekki í stórum stökkum.

Samsetning starfsmanna- og þjálfarahóps deildarinnar hefur breyst nokkuð frá síðasta ári þar sem fjölgun hefur orðið í hópi þeirra þjálfara sem eru í fullu starfi hjá deildinni en fækkun í hópi þeirra sem starfa aðeins nokkrar klukkustundir í viku. Engu að síður er hópurinn einstaklega samhentur og ákveðinn í að halda vel utan um iðkendur deildarinnar og skapa andrúmsloft sem einkennist af ánægju, áhuga og metnaði þar sem allir fá að njóta sín á sínum forsendum.

Iðkendur okkar náðu miklum árangri á mótum ársins og á það jafnt við um áhaldafimleika sem hópfimleika. Einnig hafa keppendur í stökkfimi staðið sig með prýði. En það eru ekki allir sem leggja stund á fimleika sem keppnisíþrótt heldur sem líkamsrækt og félagslega samveru í góðum hópi.

Vorsýning ársins var stórkostleg að vanda en að þessu sinni var söngleikja-/kvikmyndaþema þar sem iðkendur sýndu sýningargestum atriði við tónlist út söngleikjum og kvikmyndum á borð við Mamma Mia, Annie, Hairspray, Grease og Footloose.  Stemningin á sýningunum fimm var frábær og var nánast fullt á allar sýningarnar.



Um leið og ég þakka iðkendum, þjálfurum og öðrum starfsmönnum fyrir þetta frábæra ár vil ég nota tækifærið og þakka sérstaklega þeim sjálfboðaliðum sem hafa lagt okkur lið við undirbúning og framkvæmd móta og vorsýningar á árinu, án ykkar væri þetta ekki hægt.

Ennfremur vil ég nota tækifærið og þakka fyrir mig en ég hef nú ákveðið að láta af störfum í stjórn fimleikadeildar eftir 9 ára setu í stjórn deildarinnar. Það hefur verið einstaklega gefandi

og gaman að starfa í stjórn fimleikadeildarinnar og hefur mikið vatn runnið til sjávar á þessum níu árum og störf stjórnarmanna tekið miklum breytingum. Á vorönn 2009 voru iðkendur í deildinni um 250 talsins en með bættri aðstöðu hefur þeim fjölgað í 900 nú í lok árs 2017. Á árinu 2009 velti deildin um 20 milljónum en á árinu 2018 er veltan orðin rúmlega 117 milljónir. Umfang deildarinnar hefur því vaxið gríðarlega og fjöldi stöðugilda margfaldast. Ég hvet alla til að taka þátt í starfi deildarinnar því eins og áður sagði er þetta mjög gefandi starf og frábær vettvangur til að taka þátt í starfi deildarinnar með börnunum sínum, því trúið mér börnin hafa mjög gaman af því að skottast í kringum foreldrana þegar verið er að vinna að málefnum deildarinnar

Áfram fimleikar – Áfram Fjölnir

Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir

---




Fimleikadeild Fjölnis var formlega stofnuð í maí 2002 en hafði starfað undir almenningsdeild Fjölnis frá haustinu 2001. Fimleikadeildin er nú fjölmennasta deildin innan Fjölnis og hefur vaxið hratt undanfarin ár eins og sjá má á iðkendafjölda. Árangur iðkenda var glæsilegur og eignuðumst við íslandsmeistara bæði í áhaldafimleikum og hópfimleikum árið 2017. Þjálfarar unnu mikið uppbyggingastarf með yngri hópa deildarinnar og verður ánægjulegt að fylgjast með þeim í framtíðinni. Einnig breyttum við fyrirkomulagi skráninga í deildina á haustönn, við

veittum foreldrum og iðkendum meira frelsi til þess að velja fjölda æfinga og æfingatíma.Þetta skráningarfyrirkomulag tókst gríðarlega vel og er stefnt að því að halda því áfram á komandi árum ásamt því að bjóða fleiri iðkendum upp á svipað fyrirkomulag.

# Fimleikar fyrir alla

**Sunnudagshópar**

Sunnudagsmorgnar voru áfram tileinkaðir yngstu kynslóðinni. Bangsar, kríli, og stubbar eru krakkar á aldrinum 2 - 4 ára sem gera fjölbreyttar fimleikaæfingar með stuðningi foreldra sinna. Frábært utanumhald þjálfara með góðu skipulagi hefur skilað sér í aukinni aðsókn og ánægju foreldra með starfið fyrir þennan aldurshóp.

**Byrjendahópar**

Tekin var ákvörðun í haust að taka inn iðkendur í svokallaða byrjendahópa. Með þessu fyrirkomulagi náum við að bjóða iðkendum 8 ára og eldri fyrr pláss hjá deildinni. Þessir iðkendur geta síðan valið sér fimleikagrein að loknu einu ári í byrjendahóp.

**Æfingahópar**

Áfram viljum við fjölga í æfingahópum okkar. Við teljum mikilvægt að iðkendur sem hafa ekki áhuga á því að stunda keppni hafi tækifæri til þess að njóta þess að stunda fimleika á sínum forsendum og hraða.



**Parkour**

Áhugi fyrir parkour heldur áfram að aukast. Við gátum á haustmánuðum bæði boðið upp á æfingar fyrir byrjendur og þá sem eru lengra komnir og var það ánægjulegt. Nýr parkourþjálfari gekk til liðs við okkur og hefur hann haldið vel utanum starfsemina á þessu ári.

**Fullorðinsfimleikar**

Fimleikaæfingar fyrir fullorðna héldu áfram tvisvar sinnum í viku.

### Leikfimi 50+

Samstarfi við Korpúlfa var haldið áfram og starfsmenn deildarinnar sóttu félagsfundi til þess að kynna æfingarnar. Fjölgað hefur í hópnum og mikil ánægja er með fyrirkomulag og æfingar leikfimishópsins.

### Grunnfimleikar

Fjölmennur hópur stúlkna og drengja stundaði æfingar í svokölluðum grunnfimleikum en það er upphaf fimleikaiðkunar. Iðkendur stunda æfingar þar í þrjú ár eða frá 5-7 ára aldri. Þar kynnast þau æfingahringjum, læra að fara eftir munnlegum og sýnilegum fyrirmælum þjálfara, auka líkamsvitund og líkamsstöður, kunna helstu heiti grunnæfinga og þekkja fimleikaáhöldin. Innan grunnfimleika eru hópar sem eru svokallaðir hraðferðarhópar en þar æfðu iðkendur sem voru tilbúin að takast á við töluvert krefjandi æfingar, lengri æfingatíma og hraðari yfirferð.

| Grunnhópar | Framhaldshópar | Undirbúningshópar | Hraðferð |
|---|---|---|---|
| 5 ára | 6 ára | 7 ára | 5 - 7 ára |

### Áhaldafimleikar

Stúlkur og drengir frá 8 ára aldri æfðu áhaldafimleika og kepptu eftir reglum fimleikastigans á ýmsum fimleikamótum yfir árið. Gaman var að sjá mikla fjölgun á árinu en aldrei fleiri iðkendur stunduðu áhaldafimleika hjá deildinni og voru hóparnir 10 talsins. Góður árangur var áberandi á síðasta ári og unnu fjölniskrakkar til verðlauna á öllum mótum sem tekið var þátt í á keppnistímabilinu. Þeim árangri má þakka frábæru þjálfarateymi sem hefur unnið markvisst með hópana á tímabilinu.

Hópaskipting áhaldafimleika

| KÁ-hópar kvk | ÚÁ-hópar kvk | KÁ-hópar kk | ÚÁ-hópar kk |
|---|---|---|---|
| 8 ára og eldri | 8 ára og eldri | 8 ára og eldri | 8 ára og eldri |

### Hópfimleikar

Stúlkur og drengir frá 8 ára aldri æfðu hópfimleika og kepptu eftir reglum TeamGym á ýmsum fimleikamótum yfir árið. Fjöldi iðkenda sem vilja stunda hópfimleika fjölgar enn og voru þeir 130 talsins á þessu ári. Við fengum til liðs við okkur reynda þjálfara á árinu og hefur mikil samvinna þjálfarateyma skilað mjög góðum árangri.

Hópaskipting hópfimleika

| KH-hópar kvk | ÚH-hópar kvk | KH-hópar kk |
|---|---|---|
| 8 ára og eldri | 8 ára og eldri | 8 ára og eldri |




**Sumaræfingar**

Iðkendum deildarinnar í áhalda- og hópfimleikum stóð til boða að stunda æfingar í júní og ágúst. Skráning var góð og voru margir iðkendur sem bættu færni sína á sumarmánuðum, en þá gefst oft tækifæri til þess að prufa nýjar æfingar. Þjálfarar voru duglegir að breyta hefðbundnum æfingum í skemmtilega útiveru, sundferðir og fleira.



**Sumarfrístund**

Samstarf við Gufunesbæ hélt áfram og var boðið upp á heilsdagsnámskeið í frístund og fimleikum fyrir 6-8 ára börn. Frístundaheimilin voru með dagskrá fyrir hádegi og fimleikadeildin með æfingar eftir hádegi. Eftirspurn var góð og var tekið á móti rúmlega 40 börnum á hverju námskeiði.

## Æfingaferð erlendis

Stúlkur í hópfimleikum lögðu leið sína til Ítalíu í æfingabúðir um miðjan ágúst. 40 stúlkur á aldrinum 13-17 ára fóru að þessu sinni ásamt 6 þjálfurum og fararstjórum. Þetta var fyrsta æfingaferð hópfimleika erlendis og lukkaðist hún mjög vel.



## Afrekaskrá – fimleikamót innanlands

| Íslandsmót unglinga | Keppnisgrein | Keppandi / Hópur | Sæti |
|---|---|---|---|
| 3.flokkur A | Hópfimleikar kvk | MH-2 | 3.sæti |
| 4.flokkur A | Hópfimleikar kvk | MH-3 | 1.sæti |
| KK-Yngri | Hópfimleikar kk | KH-strákar | 1.sæti |

| Íslandsmót í stökkfimi | Keppnisgrein | Keppandi / Hópur | Sæti |
|---|---|---|---|
| 16 ára - Íslandsmeistari | Stökkfimi kvk | Diljá Kristjánsdóttir | 1.sæti |

| Íslandsmót í þrepum | Keppnisgrein | Keppandi / Hópur | Sæti |
|---|---|---|---|
| 2.þrep - Íslandsmeistari | Áhaldafimleikar kvk | Þórhildur Rósa Sveinsdóttir | 1.sæti |
| 4.þrep - 13 ára og eldri | Áhaldafimleikar kvk | Vala Rún Kristjánsdóttir | 1.sæti |
| 4.þrep - 12 ára | Áhaldafimleikar kvk | Dóra María Marteinsdóttir | 2.sæti |
| 4.þrep 11 ára | Áhaldafimleikar kvk | Leóna Sara Pálsdóttir | 2.sæti |
| 5.þrep - 11 ára og eldri | Áhaldafimleikar kvk | Bryndís Lilja Björnsd. Bender | 2.sæti |
| 4.þrep - Íslandsmeistari | Áhaldafimleikar kk | Elio Mar Rebora | 1.sæti |

| Bikarmót unglinga | Keppnisgrein | Keppandi / Hópur | Sæti |
|---|---|---|---|
| 4.flokkur A - Bikarmeistarar | Hópfimleikar kvk | MH-3 | 1.sæti |
| KK-Yngri | Hópfimleikar kk | KH-strákar | 2.sæti |

| Bikarmót í áhaldafimleikum | Keppnisgrein | Keppandi / Hópur | Sæti |
|---|---|---|---|
| 5.þrep A | Áhaldafimleikar kvk | Blandaðir hópar | 3.sæti |
| 4.þrep A | Áhaldafimleikar kvk | Blandaðir hópar | 3.sæti |

### Landsliðsverkefni

Undirbúningur fyrir EM í hópfimleikum 2018 hófst á árinu og tóku stúlkur frá Fjölni þátt í úrtökuæfingum. Það voru þær Tanja Dögg Hermannsdóttir, Kristín Sara Stefánsdóttir og Sigrún Vernharðsdóttir sem voru valdar í úrvalshóp stúlkna og Ásta Kristinsdóttir í úrvalshóp kvenna

### Íþróttakona fimleikadeildar

Fimleikadeild Fjölnis tilnefndi Þórhildi Rósu sem íþróttakonu ársins. Þórhildur hefur stundað fimleika frá unga aldri hjá fimleikadeild Fjölnis. Hún er 13 ára gömul og er fyrirmyndar iðkandi og hefur stundað sína íþrótt samviskusamlega til fjölda ára. Á þessu ári hefur hún náð gríðarlegum árangri í áhaldafimleikum kvenna og var hennar stærsta afrek að landa Íslandsmeistaratitli í 2.þrepi.



### Íþróttamaður fimleikadeildar

Fimleikadeild Fjölnis tilnefndi Elio Mar Rebora sem íþróttamann ársins. Elio er gríðarlega efnilegur ungur fimleikamaður sem hefur náð ótrúlega góðum árangri í keppnum undandfarin ár. Á vormánuðum tryggði hann sér Íslandsmeistaratitil í 4.þrepi 10 ára í áhaldafimleikum karla.

### Fimleikasambandsmót

Mótaskrá fimleikasambandsins var þéttskipuð af mótahaldi. Keppnistímabilið hófst að hausti og lauk með Íslandsmótum í maí. Deildin átti iðkendur á flestum mótum sem stóðu sig gríðarlega vel á tímabilinu.

### Millifélagsmót

Hópar frá deildinni tóku þátt í svokölluðum millifélagamótum eða vinamótum. Á flestum þessum mótum er lagt upp með liðakeppni og myndast góð stemmning í hópnum. Deildin átti iðkendur á Hello Kitty móti Gróttu, Mínervumóti hjá Björk og Aðventumóti Ármanns.

**Innanfélagsmót**

Ákveðið var að halda innanfélagsmótið 15.-16. desember. Iðkendur í grunnfimleikum og fimleikum fyrir alla tóku þátt í mótinu og fengu allir þáttökuverðlaun. Almenn ánægja var með tímasetningu á mótinu þar sem að þetta gaf foreldrum tækifæri til þess að koma og fylgjast með framförum barna sinna á haustönn.

**Vorsýning**

Eins og alltaf erum við í skýjunum með vorsýninguna okkar sem heppnaðist frábærlega. Undirbúningur hófst í febrúar en sjálfar sýningarnar fóru fram 2.- 3. júní. Þemað þetta árið voru söngleikir og voru það þær Ilmur Björg Einarsdóttir og Helga Hjördís Lúðvíksdóttir sem sáu um uppsetningu að þessu sinni. Gleði og metnaður lýsti upp fimleikasalinn og var gaman að kveðja iðkendur og foreldra með þessum hætti í lok vetrarstarfsins.



**Skrifstofa og þjálfarar**

Með fjölgun iðkenda fjölgar starfsfólki samhliða og hefur fastráðnum þjálfurum á árinu fjölgað úr fjórum í níu. Aftur á móti eru færri þjálfarar sem sinna hlutastarfi. Einnig tók til starfa nýr verkefnastjóri hópfimleika. Líflegir þjálfarafundir, námskeið aðrir viðburðir starfsmanna hafa verið fjölbreyttir á árinu og hefur haldið hópnum þétt saman.

| *Stjórnendateymi* | *Hlutverk* |
|---|---|
| *Halla Karí Hjaltested* | Framkvæmdastjóri, verkefnastjóri fimleikar fyrir alla |
| *Jónas Valgeirsson* | Verkefnastjóri hópfimleika, þjálfari hópfimleika |
| *Zoltán Demény* | Verkefnastjóri áhaldafimleika karla, þjálfari áhaldafimleika karla |
| *Þorgerður Ósk Jónsdóttir* | Skrifstofustjóri, verkefnastjóri grunnfimleika og áhaldafimleika kvenna |

| Fastráðnir þjálfarar | Fimleikar fyrir alla | Grunnfimleikar | Áhaldafimleikar | Hópfimleikar |
|---|---|---|---|---|
| Bjarni Gíslason | | x | | x |
| Gabriella Joe | x | x | x | |
| G.Lucian Branzai | x | x | x | |
| Halla Steingrímsdóttir | | | | x |
| Nicoleta C. Branzai | x | x | x | |
| Róbert Sabó | x | x | x | |
| Sorin  Branzai | x | x | x | |

| SKIPTING STÖÐUGILDA | FJÖLDI |
|---|---|
| STARFSMENN Í FULLU STARFI | 2 |
| ÞJÁLFARAR Í FULLU STARFI | 9 |
| ÞJÁLFARAR Í HLUTASTARFI | 13 |
| AÐSTOÐARÞJÁLFARAR Í HLUTASTARFI | 18 |

Að lokum vill stjórn fimleikadeildarinnar þakka öllu starfsfólki deildarinnar fyrir frábært starf á árinu. Það er greinilegt að víðtæk reynsla þeirra og menntun er að skila sér í glæsilegum árangri iðkenda í öllu greinum fimleika. Sjálfboðaliðum sem hafa aðstoðað okkur við mót og sýningar erum við einstaklega þakklát og hvetjum fleiri til þess að bjóða fram krafta sína árið 2018. Skrifstofu Fjölnis þökkum við samstarfið ásamt starfsfólki Egilshallar.

# FRJÁLSÍÞRÓTTADEILD

Á aðalfundi frjálsíþróttadeildarinnar 30. janúar 2017 var ný stjórn kosin og var hún skipuð eftirtöldum aðilum:

Þorgrímur H. Guðmundsson, formaður

Greta Jessen, varaformaður

Guðrún Hrefna Elliðadóttir, gjaldkeri

Auður Ólafsdóttir, ritari

Hreinn Ólafsson, meðstjórnandi

Unnur Sigurðardóttir, meðstjórnandi

Ágúst Jónsson, meðstjórnandi

Guðrún Axelsdóttir, meðstjórnandi

Þær breytingar urðu á stjórninni að Þorgrímur H. Guðmundsson tók við sem formaður af Unni Sigurðardóttur. Ágúst Jónsson kom nýr inn í stjórnina og Guðrún Axelsdóttir kom inn í stjórnina fyrir hönd hlaupahópsins. Í stjórninni hættu Fjóla María Lárusdóttir og Sigríður Klara Böðvarsdóttir. Í stjórn FÍRR (Frjálsíþróttaráðs Reykjavíkur) situr formaður deildarinnar.

Starf frjálsíþróttadeildarinnar var með nokkuð hefðbundnum hætti þetta árið eins og undanfarin ár. Fyrsta verkefni ársins var að halda Reykjavík International Games ásamt fleiri félögum sem fram fór 4. febrúar og er eina alþjóðlega frjálsíþróttamót innanhúss sem haldið er hér á landi. Eins og á síðasta ári var umsjón mótsins á vegum FRÍ og fengu þeir reynsluboltann okkar Guðlaugu Baldvinsdóttur til að vera mótsstjóra. Í febrúar sá deildin síðan um Meistaramót Íslands 15-22 ára og gekk framkvæmd mótsins vel og var okkur Fjölnismönnum til sóma. Fyrir yngstu iðkendurna þá héldum við páskamót og buðum Aftureldingakrökkunum að koma og keppa. Voru krakkarnir mjög ánægðir að koma í Frjálsíþróttahöllina og prufa alvöru aðstöðu.




Fjölnishlaupið okkar var haldið í 29. sinn fimmtudaginn 25. maí og níunda árið í röð sem það er hluti að Powerade sumarhlauparöðinni. 78 tóku þátt í 10 km hlaupinu og þó nokkur hópur í skemmtiskokkinu. Samningur var gerður við Gaman ferðir um að styrkja hlaupið og var það kallað Fjölnishlaup Gaman ferða. Ekki var framlengdur samningur við Fjölni (og Ármann) um hlaupahald í Miðnæturhlaupinu þ.a. deildin varð af þeim tekjum þetta árið.
Þann 1. júní héldum við okkar árlega Vormót Fjölnis fyrir krakka á aldrinum 11-15 ára á Laugardalsvelli. Mótið var með hefðbundnu sniði og alls voru skráðir til leiks 90 keppendur. 22. og 23. júní sá deildin um að halda MÍ öldunga á Laugardalsvelli. Einnig var haldið MÍ í 5000 og 10000 á braut samhliða.

Þann 24. nóvember var gerð tilraun með að halda boðhlaupsmót í Laugardalshöll þar sem myndaðist góð stemning en þátttakan hefði mátt vera meiri. Í desember var svo haldið jólamót fyrir 6-9 ára hópinn og aftur var krökkum í Aftureldingu boðið að vera með. Milli jóla og nýárs var svo Áramótið okkar þann 28. des. Góð þátttaka var á mótinu, alls mættu til leiks 97 þátttakendur. Góður árangur náðist í mörgum greinum. Að auki kom Fjölnir að mótshaldi Reykjavíkurmeistaramóta ásamt öðrum félögum í Reykjavík. Einnig stóð deildin að Grunnskólamóti í frjálsum í samstarfi við hin Reykjavíkurfélögin. Mótið var haldið í

Laugardalshöll dagana 1., 4. og 5. sept. Mótið var fyrir krakka í 6.-9. bekk. Deildin hélt bikarkeppnir FRÍ bæði úti og inn ásamt fleiri félögum.

Æfingar deildarinnar voru með nokkuð hefðbundnum hætti eins og undanfarin ár, þó svo að breytingar hafi átt sér stað á þjálfurum:



Hópurinn 10 ára og yngri var undir umsjón Matthíasar Más Heiðarssonar og Hafdísar Rósar Jóhannesdóttur. Helga Þóra Sigurjónsdóttir aðstoðaði við þjálfun. Um haustið bættust við Signý Hjartardóttir og Elísa Sverrisdóttir sem aðstoðarþjálfarar á laugardögum. Hópurinn æfði tvisvar í viku í Rimaskóla og á laugardögum í Laugardalshöll.

11-14 ára hópurinn hafði aðstöðu í Rimaskóla og í Frjálsíþróttahöllinni í Laugardal. Þjálfarar voru Matthías Már Heiðarsson og Hafdís Rós Jóhannesdóttir. Aðstoðarþjálfari var Helga Þóra Sigurjónsdóttir. Um haustið bættust við Signý Hjartardóttir og Elísa Sverrisdóttir sem aðstoðarþjálfarar á laugardögum. Æfingar voru fjórum sinnum í viku, tvisvar í Rimaskóla og tvisvar í Laugardalshöll. Um sumarið fóru æfingar hópsins fram á frjálsíþróttavelli Aftureldingar í Mosfellsbæ.

Unglingaflokkur 15 ára og eldri æfir undir stjórn Óskars Hlynssonar . Um sumarið fóru æfingar hópsins fram á frjálsíþróttavelli Aftureldingar í Mosfellsbæ. Voru æfingar sameiginlegar með Aftureldingu, en þjálfari þar er Hlynur Chadwick Guðmundsson. Á veturnar fara æfingar fram í Frjálsíþróttahöllinni í Laugardal. Æft er 5-6 sinnum í viku. Theódór Karlsson er tækniþjálfari á fimmtudögum á veturna.



Um páskana var farið í æfingaferð til Albir á Spáni og fóru þangað iðkendur 16 ára og eldri. Farið var í keppnisferð á Gautaborgarleikana með iðkendur 13 ára og eldri. Óskar Hlynsson sér um æfingar fyrir fullorðna iðkendur tvisvar sinnum í viku.

Samið var við ÍR um þjálfun langhlaupara deildarinnar og æfðu fyrst fjögur Fjölnisungmenni hjá ÍR undir stjórn Mörtu Ernstdóttur en þeim hefur fækkað niður í tvö.

Hlaupahópur Fjölnis er hluti af deildinni. Óskar Jakobsson er þjálfari hlaupahópsins. Tvö byrjendanámskeið voru haldin á árinu hjá hlaupahópnum og sáu Ingólfur Björn Sigurðsson og Ingvar Hjartarson um þjálfun á þeim.

Árangur okkar iðkenda hefur verið mjög góður á árinu 2017 og erum við mjög bjartsýn á framhaldið. Margir eru að bæta sig stórlega og vinna góða persónulega sigra og það verður mjög gaman að fylgjast með framhaldinu.

Afreksfólk deildarinnar var valið í desember. Að þessu sinni voru valin Arndís Ýr Hafþórsdóttir fyrir góðan árangur í langhlaupum og Bjarni Anton Theódórsson fyrir góðan árangur í 400 m hlaupi.

**Íslandsmeistarar á árinu 2017:**
Einar Már Óskarsson varð Íslandsmeistari í 200m hlaupi á tímanum 22.64 í flokki 18-19 ára.
Daði Arnarsson varð Íslandsmeistari í 800m hlaupi á tímanum 1:57.24 í flokki 18-19 ára.
Birkir Einar Gunnlaugsson varð Íslandsmeistari í 800m hlaupi á tímanum 2:01.09 í flokki 20-22 ára.
Kjartan Óli Ágústsson varð Íslandsmeistari í 800m hlaupi á tímanum 2:13.14 í flokki 15 ára.
Styrmir Dan Steinunnarson varð Íslandsmeistari í hástökki, stökk 1.88m í flokki 18-19 ára.

Sveit Fjölnis varð Íslandsmeistari í 4x400m boðhlaupi í flokki 20-22 ára á tímanum 3:24.24. Sveitina skipuðu Matthías, Einar Már, Daði og Bjarni Anton.

Sveit Fjölnis varð Íslandsmeistari í 4x200m boðhlaupi í flokki 18-19 ára á tímanum 1:49.78. Sveitina skipuðu Hafdís Rós, Birta Karen, Elísa og Vilhelmína Þór.




Í flokki fatlaðra varð Jón Margeir Sverrisson Íslandsmeistari í 200m á tímanum 25.62 og 800m á tímanum 2:24.79.

Bergrún Ósk Aðalsteinsdóttir varð Íslandsmeistari í kúluvarpi með kast upp á 7.22m í flokki fatlaðra.

Í öldungaflokki varð Óskar Hlynsson Íslandsmeistari í 60m á tímanum 8.00 í flokki 50-54 ára.

Sigríður Sara Sigurðardóttir varð Íslandsmeistari í hástökki með stökk upp á 1.15m, langstökki með stökk upp á 3.60m, þrístökki með stökk upp á 7.32m og kúluvarpi með kast upp á 6.67m í flokki 45-49 ára.

Ágúst Jónsson varð Íslandsmeistari í 200m hlaupi á tímanum 26.18 í flokki 40-44 ára.

Elísa Sverrisdóttir varð Íslandsmeistari í fimmtarþraut innanhúss 15 ára og yngri með 2778 stig.

**Utanhúss**

**MÍ aðalhluti**

Vilhelmína Þór Óskarsdóttir varð Íslandsmeistari kvenna í 400m hlaupi á tímanum 59.25.

**MÍ aldursflokkar**

Kjartan Óli Ágústsson varð Íslandsmeistari í 1500m hlaupi í flokki 15 ára á tímanum 4:48.47.

Vilhelmína Þór Óskarsdóttir varð Íslandsmeistari í 200m hlaupi á tímanum 26.72 í flokki 18-19 ára.

Birta Karen Tryggvadóttir varð Íslandsmeistari í 3000m hlaupi á tímanum 12:53.11 í flokki 16-17 ára.

Þorbjörg Anna Sigurbjörnsdóttir varð Íslandsmeistari í 400m grind á tímanum 69.63 í flokki 20-22 ára.
Hafdís Rós Jóhannesdóttir varð Íslandsmeistari í 400m grind á tímanum 74.42 í flokki 18-19 ára.
Í flokki fatlaðra varð Bergrún Ósk Aðalsteinsdóttir Íslandsmeistari í langstökki með stökk upp á 3.24m, 800 m hlaupi á tímanum 3:24.62 og spjótkasti með kast upp á 14.30m.
Í flokki öldunga var Ágúst Jónsson Íslandsmeistari í 100m hlaupi á tímanum 13.62, 200m hlaupi á tímanum 27.82 og 400m hlaupi á tímanum 65.65.
Sigríður Sara Sigurðardóttir varð Íslandsmeistari í hástökki með stökk upp á 1.25m, kringlukasti með kast upp á 14.13m, kúluvarpi með kast upp á 7.63m og langstökki með stökk upp á 3.51m í flokki 45-49 ára.
Hörður Hinriksson varð Íslandsmeistari í 200m hlaupi á tímanum 31.29, 800m hlaupi á tímanum 2:52.86 og 3000m hlaupi á tímanum 12:20.56 í flokki 55-59 ára.
Óskar Ragnar Jakobsson varð Íslandsmeistari í 800m hlaupi á tímanum 2:38.28 og 3000m hlaupi á tímanum 11:38.87 í flokki 45-49 ára.

**Frá yfirþjálfara:**

Innanhússaðstaðan okkar í Laugardalnum er góð en okkur vantar aðstöðu í hverfið til að geta verið í einhverri samkeppni við önnur félög í Reykjavík varðandi yngri iðkendur. Þetta er orðið mjög aðkallandi og ætti að vera forgangsatriði þegar við horfum fram á við. Ég kalla eftir umræðu um þetta mál og vonast eftir einhverri lausn fyrir næsta vetur.



**Yfirlit yfir starfsemi Hlaupahóps Fjölnis starfsárið 2017**

Haldnar voru 4 æfingar í viku allt árið. Mánudaga og miðvikudaga klukkan 17:30 frá Foldaskóla þar sem við vorum með aðgang að íþróttasal skólans til að gera styrktaræfingar og teygjur eftir hlaupaæfingu. Á fimmtudögum yfir vetrarmánuðina vorum við með aðgang að hlaupabrautinni í Frjálsíþróttahöllinni í Laugardal klukkan 18:30 í hálftíma. Hittumst 40

mínútum fyrir tímann og hituðum upp með útihlaupi. Gerðum svo styrktaræfingar og teygjur á eftir.

Yfir sumartímann fórum við á fimmtudögum á fjöll og fundum nýtt í hverri viku.

Á laugardögum hittist hópurinn klukkan 9:30 við tækin hjá Gullinbrú og tók lengri hlaup.

Hópurinn varð 25 ára á síðasta ári. Tvær nýliðakynningar voru haldnar, sú fyrri í apríl og seinni á haustmánuðum. Hópurinn hefur þá stefnu að fara saman erlendis á tveggja ára fresti, í fyrra var ekki farið en nú er búið að skipuleggja ferð til Helsinki í Finnlandi í maí 2018.

Hin árlega gönguferð var farin laugardaginn 10. júní á Snæfellsnesi. Gengið var á Ljósufjöll undir leiðsögn Tómasar Guðbjartssonar. Í fyrra fór stór hluti hópsins saman í Snæfellsjökulshlaupið í júní og skiluðu sér allir í mark með glæsibrag.



Margir tóku þátt í Reykjavíkurmaraþoninu í þeim vegalengdum sem í boði voru.

Gamlárshlaup ÍR er alltaf vinsælt og venjan er, til margra ára, að hópurinn hittist eftir hlaup og skáli fyrir árinu sem er að líða.

Nokkrir hlupu maraþon á erlendri grundu, meðal annars í Stokkhólmi, London og Berlín.

Hin árlega skemmtun Áslákur fór fram í nóvember.

Engin árshátíð var haldin en í staðinn fór hópurinn saman út að borða í maí.

Þjálfari hefur boðið hópnum heim milli jóla og nýárs.

Þó flestir mæti í einhver keppnishlaup er aðal markmið hópsins að stunda hreyfingu sér til heilsubótar.

Óskar Jakobsson þjálfari

F.h. stjórnar, Þorgrímur H.Guðmundsson formaður

# HANDKNATTLEIKSDEILD

Á aðalfundi sem haldinn var 26. febrúar 2017 í Egilshöll voru kosin í stjórn handknattleiksdeildar þau:

Aðalsteinn Snorrason, formaður
Sveinn Ingvarsson, fulltrúi í aðalstjórn
Karlotta Ósk Óskarsdóttir, gjaldkeri
Hjalti Erdmann Sveinsson, formaður mfl. ráðs kvenna
Páll Eyvindsson, meðstjórnandi
Hans Liljendal Karlsson, fyrir BUR
Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir, ritari
Rúnar Tómasson, formaður mfl. ráðs karla
Aðalsteinn Leifsson, meðstjórnandi (nýr í stjórn)
Hjálmar Vilhjálmsson, meðstjórnandi (nýr í stjórn)
Róbert Runólfsson, meðstjórnandi (nýr í stjórn)

Helgi Kristinsson hefur starfað sem formaður mfl. ráðs kvenna og tekið við því hlutverki af Hjalta, en hann kom inn eftir aðalfundinn. Einnig hefur Sunneva Sigurðardóttir komið inn og starfað fyrir mfl. kvenna auk þess að sjá um samfélagsmiðla á leikjum mfl. karla.

Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir og Rúnar Tómasson gengu úr stjórninni undir lok árs 2017.

Stjórn til aðstoðar hafa verið:
Kristján Gaukur Kristjánsson, varðandi mál gangvart HSÍ
Brynjar Guðbjartsson, aðstoð vegna fjármála og uppgjörs
Jafnframt mætir Brynjar Friðriksson á flesta fundi stjórnar og hefur verið duglegur við öflun styrkja og mun stjórn örugglega leita hans aðstoðar áfram.

**Rekstur deildarinnar og öflun styrkja.**

Rekstur deildarinn hefur verið langt frá þeim markmiðum sem stjórn setti sér. Þrátt fyrir að unnið hafi verið að öflun styrkja og mönnum orðið nokkuð ágengt þá hefur það engan veginn dugað til. Fjáraflanir hafa gengið illa og ekki hefur tekist að stilla saman strengi stjórnar, þjálfara og iðkenda. Ekki svo að skilja að þjálfarar eigi að fara í fjáraflanir en hins vegar verða þeir að taka fullt tillit til þeirra eigi þær að ganga eftir fyrir utan letjandi áhrif á iðkendur.

Stjórn fór í fjáröflun meistaraflokka og U-liðs fyrir jól með sölu matarpakka, módel sem hefur gengið vel hjá öðrum félögum og skemmst er frá því að segja að þátttaka var með eindæmum dræm, en þeir sem tóku þátt stóðu sig þó engu að síður vel. Lítið kom út úr þessu fyrir deildina. Til að mæta kostnaði við rekstur meistaraflokka er útilokað að ná endum saman án fjáraflana þar sem leikmenn sjálfir taka þátt og verður að koma því skýrar inn í alla nýja samninga við leikmenn í framtíðinni.




Sem fyrr er mikilvægasta viðfangsefni deildarinnar er að byggja betur undir rekstur hennar. Fjölga þarf iðkendum í yngri flokkum og eru vonir um að bætt aðstaða mun hjálpa þar til. Fjölnir Cup verður haldið 9. - 11. ágúst og þegar eru komnar inn skráningar frá erlendum liðum. Það er von stjórnar að með því megi byggja upp varanlegan tekjulið til að standa undir rekstri deildarinnar.

Næsti umhverfisdagur Fjölnis verður haldinn 9. Júní en umhverfisdagur síðasta árs gekk vel hvað styrktaraðila varðar og framkvæmdin gekk vonum framar. Þeirri hugmynd hefur verið fleygt á loft til aðalstjórnar að umhverfisdagurinn verði gerður að verkefni aðalstjórnar með

samkomulagi um framkvæmd handboltadeildar. Verður hugað að því og það rætt milli deildar og aðalstjórnar á næstunni.

**Húsnæðismál**

Húsnæðismál eru óbreytt nema hvað samstarf við Fylki hefur opnað á æfingatíma í Árbæ sem hafa verið kærkomnir. Hafa þeir nýst 3. – og 4. flokki karla og einnig hefur mfl. karla fengið þar inni nokkur föstudagskvöld. Nýtt fjölnota íþróttahús er í byggingu við Egilshöll og verður það tilbúið fyrir næsta tímabil.

**Starfsmaður deildarinnar**

Handknattleiksdeild Fjölnis réð Arnór Ásgeirsson til starfa fyrir deildina og hefur hann verið kjölfesta hennar frá því að hann kom til starfa. Hann hefur einnig verið þjálfari mfl. kvenna og á þann hátt hefur tekist að hafa hann í fullu starfi fyrir deildina. Mikilvægt er að Arnór geti starfað áfram fyrir deildina og félagið því menntun hans og reynsla er fágæti sem Fjölnir þarf á að halda. Arnór er íþróttafræðingur að mennt frá HR og með masters gráðu í Sports Management frá háskólanum í Molde í Noregi.

**Yngri flokkar**




Starf yngri flokka hefur gengið vel þó ekki hafi tekist að fjölga iðkendum eins og ákjósanlegt hefi verið fyrir rekstur deildarinnar. Yfirþjálfari er að vanda Sveinn Þorgeirsson og hefur samstarf við Fylki verið góð viðbót við starf 3. og 4. flokks karla.

**Samstarf við Fylki**

Fjölnir og Fylkir undirrituðu samstarf um 3. – og 4. flokk karla til þriggja ára. Samstarfið hefur gengið mjög vel og hefur gangast báðum liðum vel hvað þessa flokka varðar.

**Ferð til Kölnar og á FINAL 4**

Þriðji flokkur karla fór í ferð til Kölnar til æfinga og fóru jafnframt á úrslitahelgina Final 4. Þessi ferð lukkaðist mjög vel og fóru þátttakendur í sérstaka söfnun til að standa straum af kostnaði og gengu þau áform eftir.

**Sérstakir styrkir og verkefni**

Deildin fékk styrk í verkefnið „Stelpur eru stelpum bestar“ kr. 500.000 og jafnframt hefur deildin fengið styrk í verkefnið „Andleg styrking íþróttamanna“ kr. 400.000 en það verkefni er unnið með Halli Hallsyni íþróttasálfræðingi auk tveggja minni styrkir frá UMFÍ. Eru þessu verkefni á forræði Sveins Þorgeirssonar og Arnórs Ásgeirssonar.

**Afrekskona Fjölnis og afrekskarl Fjölnis**




Andrea Jacobsen var valin afrekskona Fjölnis en hún hefur átti einstaklega gott ár og spilaði sína fyrstu A landsliðsleiki auk þess að eiga sæti í U-20 landsliðinu. Kristján Örn Kristjánsson var tilnefndur af handknattleiksdeild af sama tilefni en þar varð Þórður Ingason valinn fulltrúi félagsins. Sveinn Þorgeirsson var tilnefndur af deildinni sem Fjölnismaður ársins en Óskar Hlynsson var valinn sem verðugur fulltrúi félagsins. Óskum við öllum þessum aðilum til hamingju.

**Landsliðsverkefni.**

Fjölnir hefur átt marga glæsilega fulltrúa í yngri landsliðum undanfarin ár og á því varð engin breyting á þessu ári.

Hér að neðan er listi HSÍ fyrir árið 2017.

**A landslið karla**

Gunnar Steinn Jónsson

**U-21 árs landslið karla**

Kristján Örn Kristjánsson

Sveinn Jóhannsson

**U-19 ára landslið karla**

Aðalsteinn Örn Aðalsteinsson

Sveinn Jóhannsson

**U-17 ára landslið karla**

Arnar Máni Rúnarsson

Daníel Freyr Rúnarsson

Hafsteinn Óli Ramos Rocha

Goði Ingvar Sveinsson

Jón Bald Freysson

Þorleifur Rafn Aðalsteinsson




**U-15 ára landslið karla**

Brynjar Þór Ragnarsson

Matthías Sæþórsson

Steinar Dúi Jónatansson

**A landslið kvenna**

Andrea Jacobsen

**U-19 ára landslið kvenna**

Andrea Jacobsen

Berglind Benediktsdóttir

Kristín Lísa Friðriksdóttir

Ólöf Ásta Arnþórsdóttir

Ylfa Dögg Ástþórsdóttir

**U-17 ára landslið kvenna**

Sara Dögg Hjaltadóttir

Sara Sif Helgadóttir

Þyri Erla Sigurðardóttir



**U-15 ára landslið kvenna**

Guðbjörg Inga Helgadóttir

Hanna Hrund Sigurðardóttir

**U-15 ára landslið karla**

Brynjar Þór Ragnarsson

Matthías Sæþórsson

Steinar Dúi Jónatansson

Auk þess sem þarna kemur fram léku Kristján Örn Kristjánsson og Sveinn Jóhannsson A landsleiki í byrjun árs 2018 og verður því listinn enn betri á næsta ári.

**Meistaraflokkur kvenna.**

Meistaraflokkur kvenna vann sér sæti í Olís deildinni með sigri í fyrstu deild. Fjölnir vann KA/Þór í spennuþrungnum leik í Dalhúsum og vann sér sæti í deild hinna bestu. Þjálfarar liðsins voru Andrés Gunnlaugsson ásamt Jóni Brynjari Björnssyni. Andrés ákvað að hætta með liðið í lok tímabils og við tók Arnór Ásgeirsson og Guðmundur Rúnar Guðmundsson. Liðið hefur æft af miklu kappi og m.a. bætt inn morgunæfingum, á föstudögum.




Ungt lið Fjölnis hefur komið nokkuð á óvart með frammistöðu sinni

og eygir raunhæfa möguleika á að komast í umspil um sæti sitt í efstu deild. Mikill styrktarmunur er á efstu liðum og þeim neðstu en liðið hefur náð miklum framförum á tímabilinu.

**Meistaraflokkur karla.**




Meistaraflokkur karla tryggði sér sæti í efstu deild með sigri í fyrstu deildinni í fyrra. Liðið vann fyrstu 17 leiki tímabilsins og tryggði sér sigur með miklu öryggi. Liðinu gekk þó brösuglega eftir að það hafði tryggt sæti sitt í efstu deild og sigraði aðeins einn leik af þeim sem eftir voru. S. Arnar Gunnarsson er þjálfari karlaliðsins og naut hann aðstoðar Sigfúsar Páls Sigfússonar sem nú leikur með liðinu. Arnari til aðstoðar á þessu keppnistímabili hafa verið Baldvin Fróði Hauksson og Árni Stefánsson.
Liðið berst nú fyrir lífi sínu í deild og á raunhæfa möguleika á að halda sæti sínu að því gefnu að því takist að sýna sínar réttu hliðar í þeim leikjum sem eftir er. Liðið hefur æft vel og virðist hafa alla burði til að vera í deild hinna bestu en þarf að landa nauðsynlegum stigum til að halda sæti sínu.

**Ungmennalið karla.**

Ungmennalið var sett á fót fyrir leikmenn sem æfa með meistaraflokki karla en ekki myndu fá tækifæri með mfl. og einnig til að gefa 3. flokks strákum verðugra verkefni. Mikill efniviður er nú í 3. flokki en þar er árgangur 2000 sérstaklega sterkur og fjölmennur. Framtíðar mfl. efniviður er fyrir hendi í þessum flokki og því er framtíðin björt hvað það varðar.

**Fyrirmyndafélag ÍSÍ**




Deildin fékk endurnýjaða viðurkenningu sína fyrirmyndafélag ÍSÍ. Sveinn Þorgeirsson og Arnór Ásgeirsson höfðu veg og vanda að uppfærslu handbókar deildarinnar og náðu þar með að halda áfram því góða starfi sem fyrrverandi formaður Kristján Gaukur Kristjánsson hafði veg og vanda af.

# KARATEDEILD

Ný stjórn tók við störfum að loknum aðalfundi þann 6. febrúar 2017. Hana skipa:

Þorsteinn Yngvi Guðmundsson, formaður
Esther Hlíðar Jensen, gjaldkeri
Valborg Guðrún Guðjónsdóttir, ritari
Willem Cornelis Verheul, meðstjórnandi (yfirþjálfari deildarinnar)
Sigríður Þorgeirsdóttir, meðstjórnandi
Friðrik Magnússon, meðstjórnandi
Sif Ólafsdóttir, meðstjórnandi
Kristján Valur Jónsson, meðstjórnandi
Auk ofangreindra situr Snæbjörn Willemsson Verheul sem fulltrúi iðkenda.

Megináhersla stjórnarinnar á árinu var markmiðasetning fram til ársins 2020. Að jafnaði er framganga markmiða metin mánaðarlega og er þannig reynt að halda þétt utan um þá þrjá meginþætti sem lögð var áhersla á í markmiðssetningunni; Árangur í íþróttinni, félagsstarfið og rekstrarniðurstöður.

Árið 2017 leið með ágætum, starfsemi deildarinnar var með hefðbundnu móti, þar sem skiptust á æfingar og þátttaka í mótum fyrir alla aldursflokka.

Karatedeildin tók virkan þátt í mótum bæði innanlands og utan og eignaðist meðal annars Íslandsmeistara í bæði í Kumite og Kata auk þess að eignast Bushidomeistara. Því til viðbótar unnu keppendur deildarinnar til fjölda verðlaunapeninga á hinum ýmsu mótum innanlands sem utan. Deildin hélt svo Kobe Osaka International - Iceland mót fyrir yngri iðkendur.

Í apríl voru haldnar æfingabúðir og beltapróf undir leiðsögn Sensei Steven Morris. Þetta er 12. árið í röð sem Sensei Steven kemur til að kenna og staðfesta árangur iðkenda. Þá var sett met í fjölda einstaklinga sem þreyttu próf fyrir svart belti undir lok apríl þegar 11 iðkendur þreyttu og stóðust próf með sóma.

Karatekona og -maður ársins voru valin Sunna Rut Guðlaugardóttir og Gústaf Karel Karlsson en bæði urðu þau Íslandsmeistarar í sínum flokkum.



Eins og fyrr var lögð áhersla á samstarf aðstandenda iðkenda og deildarinnar. Haldin var vorsýning þar sem u.þ.b. 60 þátttakendur tóku þátt við góðar undirtektir aðstandenda. Auk þess sem haldnar voru vinnustofur foreldra um börn í íþróttum og námskeið fyrir aðstoðarfólk í karatemótum. Jafnframt var unnið markvisst að því að fjölga í hópi eldri byrjenda, bæði með því að bjóða í *mömmu- og pabbatíma,* foreldratíma með börnum og kynningartilboðum.

Stjórn deildarinnar setti niður markmið fyrir deildina og þann árangur sem ætlunin er að ná fram til ársins 2020. Þessi markmið snúa að félagsstarfinu, árangri í íþróttinni og rekstri deildarinnar.
Innan stjórnar ríkir ánægja með þann framgang þeirra markmiða sem þegar hefur náðst.

**Þjálfarar**

Yfirþjálfari er sem fyrr Willem Cornelis Verheul, 3. dan sem er ábyrgur fyrir öllu starfi í þjálfunaraðstöðu deildarinnar.

Honum til halds og trausts eru:

- Snæbjörn Willemsson Verheul, 3. dan.
- Pathipan Kristjánsson, 1. dan.
- Magnús Willemsson Verheul, 1. dan.
- Líney Björg Sigurðardóttir, 1. dan.
- Baldur Sverrisson, 1. dan.
- Guðbjörg Rún Torfadóttir, 1. dan.

Einn hluti settra markmiða deildarinnar lýtur að því að tryggja framgang iðkenda sem áhuga hafa á að koma að þjálfun iðkenda. Þetta er gert bæði til að tryggja að deildin hafi aðgang að fólki með næga þekkingu á bæði karate tæknilegum atriðum sem og starfinu innan deildarinnar. Þannig hafa yngri iðkendur fengið tækifæri til að leggja hönd á plóg með öðrum reynslumeiri þjálfurum.



Það hefur sýnt sig að brottfall iðkenda kemur gjarnan til um 16 ára aldurinn þegar grunnskóla lýkur og fleiri breytingar verða í umhverfi unglinganna. Þá hefur reynst deildinni ágætlega að bjóða nemendum sem vilja draga úr stífum æfingum að taka að sér þjálfun frekar en að hverfa alveg frá deildinni.

Starfsárið hefur verið deildinni gott. Skiptir þá ekki hvern þeirra þriggja meginþátta starfseminnar litið er á. Starfið innan deildarinnar hefur verið farsælt, þar sem unnið hefur verið í átt að settum markmiðum deildarinnar. Ný stjórn hóf í apríl vinnu við setningu

markmiða fyrir deildina. Síðan þá hefur verið unnið að því að útfæra þau nánar og hefur starfsemin tekið mið af því að uppfylla þessi markmið. Þau lúta að karate tæknilegri framþróun iðkenda, félagsstarfinu sem og rekstrarlegum niðurstöðum. Að jafnaði metur stjórnin framgöngu verkefna á mánaðarlegum fundum auk þess sem ákveðin eru skref sem stíga á næsta mánuðinn og hver ber ábyrgð á hverju þeirra.

**Þáttaka og árangur í keppnum**

- Karatedeild Fjölnis stóð fyrir Kobe Osaka International - Iceland æfingamót í Kata fyrir iðkendur 11 ára og yngri, þar sem 36 iðkendur leiddu saman hesta sína. Mótið er haldið sem liður í að byggja upp keppnisreynslu í kunnuglegu umhverfi.
- 17 framhaldsiðkendur fæddir á árunum 2006-2009 tóku þátt í Fjörkálfamótinu 2017 sem er Kumitemót haldið af Karatedeild Fylkis og Þórshamri. Þar náðist stórgóður árangur, þar á meðal 6 bronsverðlaun.
- Blandaður hópur yngri og eldri iðkenda tók þátt í æfingabúðum í Grangemouth í Skotlandi. Æfingabúðirnar voru haldnar af Kobe Osaka International - Scotland og fóru fram undir stjórn Sensei Steven Morris.



  Um var að ræða æfingabúðir á laugardegi auk þess sem að á sunnudegi var haldið mót KOI mót bæði í Kumite og Kata. Það er skemmst frá að segja að íslensku iðkendurnir náðu frábærum árangri og komu heim með mikinn fjölda, gull, silfur og brons verðlaunapeninga.
  Í ferðinni veittist hópnum sú ánægja að hitta Tommy Morris, stofnanda Kobe Osaka International samtakanna sem Karatedeild Fjölnis er hluti af. Tommy er einn af reynslumeiri núlifandi leiðbeinendum og dómurum innan karatehreyfingarinnar.

- Á Íslandsmeistaramóti unglinga í Kumite sem haldið var 15. október náðu allir keppendur Fjölnis á verðlaunapall. Samanlagt komum við heim með 5 brons auk eins Íslandsmeistaratitils.
- Bushidomótaröðin var haldin eins og undanfarin ár. Þetta ár eignaðist Karatedeild Fjölnis Bushidomeistara þegar Hermann Chr. Haraldsson sigraði mótaröðina í flokki 12-13 ára drengja undir 45kg. Auk þess að hreppa meistaratitilinn sigruðu hann og Sunna Rut Guðlaugardóttir sína flokka á einstökum mótum. Af öðrum þátttakendum eru það Gústaf Karel Karlsson, Hákon Bjarnason og Mikael Máni Vidal sem komust á verðlaunapall á Bushidomótaröðinni.
- Stærsta alþjóðlega mót ársins var svo Reykjavik International Games (RIG), en þangað kemur að jafnaði hópur mjög frambærilegra erlendra iðkenda sem gefur okkar fólki færi á að auka keppnisreynslu til muna. Bestum árangri á RIG17 náði Sunna Rut Guðlaugardóttir sem náði öðru sæti í Kumite stúlkna undir 45kg. Auk hennar náðu bronsverðlaunum; Eydís Magnea Friðriksdóttir, Hákon Bjarnason, Drengur Arnar Kristjánsson, Mikael Máni Vidal og Gústaf Karel Karlsson.

**Félagsstarfið**



- Á árinu staðfesti Íþróttasamband Íslands (ÍSÍ) viðurkenningu sína á starfsemi karatedeildarinnar þegar það endurnýjaði titilinn Fyrirmyndardeild ÍSÍ.
- Karatedeildin heldur að jafnaði úti æfingum 6 daga vikunnar. Æfingafyrirkomulag er þannig að byrjendur fá að jafnaði 2 kennslustundir í viku á meðan lengra komnir fá 3 kennslustundir. Því til viðbótar fá þeir iðkendur sem eru í afrekshópi sem rekinn er sameiginlega með Karatedeild Aftureldingar 3 aukaæfingar á viku.
- Sumaræfingar voru hluti af starfseminni eins og oft undanfarin ár. Þetta árið fóru þær fram á tímabilinu 6. júní til 18. júlí, tvo daga í viku í klukkutíma í senn. Greitt var fast

gjald fyrir hverja æfingu. Aðsókn að æfingum var minni en vonir stóðu til og mun framkvæmdin endurskoðuð fyrir næsta sumar.

- Aðrar æfingar umfram hefðbundinnar dagskrár fóru fram til að undirbúa enn betur þá sem tóku svartbeltisgráðun í apríl. Haldnar voru 7 aukaæfingar á sunnudögum á tímabilinu febrúar til apríl.
- Haldin var vorsýning þann 20. maí í Dalhúsum. Þar komu fram tugir iðkenda og sýndu aðstandendum hvað þeir hafa lært undanfarinn vetur. Auk þess komu Íslandsmeistarar félagsins í Kata fram og sýndu listir sýnar, afrekshópur deildarinnar kom svo að sjálfsögðu fram og sýndi leikið atriði.
- Haldin voru 2 námskeið á vegum deildarinnar sem ekki nýttust beint iðkendum. Þar var annars vegar um að ræða námskeið fyrir aðstandendur iðkenda og var umfjöllunarefni námskeiðsins hvernig það er að vera karateforeldri. Hitt námskeiðið fjallaði um starf Liðsstjóra og starfsmanna á karatemótum.
- Snæbjörn Willemsson, þjálfari hélt utan til Skotlands og þreytti þar 3. dan gráðun undir eftirliti Sensei Tommy Morris sem hann stóðst með ágætum.
- Aðrir sem hlutu dan gráðun hérlendis árið 2017 eru eftirfarandi:
    - Haraldur Hoe, Nidan
    - Valborg Guðrún Guðjónsdóttir, Nidan
    - Baldur Sverrisson - Shodan Jr.
    - Atli Þór Barðdal Valdimarsson - Shodan
    - Arnór Már Atlason, Shodan-Ho (junior)
    - Esther Hlíðar Jensen, Shodan-Ho
    - Hákon Bjarnason, Shodan-Ho (junior)
    - Hermann Christian Hoe Haraldsson, Shodan-Ho (Junior)
    - Kristjan Valur Jonsson, Shodan-Ho
    - Líney Björg Sigurðardóttir, Shodan-Ho
    - Þorsteinn Yngvi Guðmundsson, Shodan-Ho
- Karateiðkendur ársins voru valin þau:
    - **Sunna Rut Guðlaugardóttir**. Sunna er best íslenskra stúlkna í Kumite. Á árinu 2017 staðfesti hún yfirburði sína með því að sigra í sínum flokki á Unglingameistaramóti Íslands í Kumite, annað árið í röð. Önnur helstu afrek hennar eru að ná 3. sæti í bæði Kata og Kumite á 2. Bushidomóti ársins, 2. sæti í Kumite á Reykjavik International Games (RIG) og að lokum 1. sæti á 3. Bushidomóti ársins.

   - **Gústaf Karel Karlsson**. Gústaf varð ásamt 2 félögum sínum Íslandsmeistari í hópkata á Unglingameistaramóti Íslands. Hann náði jafnframt 2. sæti í einstaklingskata. Á Reykjavik International Games (RIG) varð Gústaf í 3. sæti í Kata og á 3. Bushidomóti ársins náði hann 2. sæti í Kumite. Á Kobe Osaka International mótinu í Skotlandi sigraði Gústaf svo bæði í einstaklingskata og hópkata.
- Markvisst var unnið að því að auka samstarf og samheldni deildarinnar og aðstandenda iðkenda. Sbr. námskeiðshald um það að vera karateforeldri, mömmu- og pabbatíma, vinatíma. Marksókn á eldri byrjendur þar sem þar fer hópur sem mætti stækka hjá deildinni.

**Iðkendur**

Fjöldi iðkenda á árinu var innan þeirra markmiða sem deildin setur sér, sem var að hafa á milli 80-100 virka iðkendur. Í október töldu iðkendur 88.

Hér að neðan má sjá upplýsingar um fjölda, aldur og kyn iðkenda.






**Rekstrarárangur**

Eitt af þeim meginverkefnum sem ný stjórn ákvað að takast á við að loknu mati á rekstrarniðurstöðum fyrra árs var að tryggja að rekstur deildarinnar tæki betur mið af rekstrarumhverfi sínu enda hafði deildin tapað sem samsvarar 12% af heildartekjum árið 2016.

Helstu viðfangsefni þar lutu að lækkun kostnaðar og aukningu tekna milli ára. Þannig jukust tekjur af æfingagjöldum um 10% og heildartekjur um 4% milli ára. Markverðastur árangur náðist þó á kostnaðarhliðinni þar sem 19% lækkun kostnaðar gekk í gegn. Helstu breytingar sem urðu þess valdandi var aukin kostnaðarþátttaka iðkenda í tengslum við mót sem leiddi til 23% lækkunar kostnaðar við þann lið. Auk þessa lækkuðu launa- og verktakagreiðslur um 12%.

Helstu rekstrarniðurstöður ársins urðu svo að:

| | |
|---|---|
| Heildartekjur: | 5.985þ |
| Heildarkostnaður: | 5.119þ |
| Heildarhagnaður: | 810þ |

Af ofangreindu leiðir að viðsnúningur í rekstri deildarinnar varð um 1,5 milljónir eða um 25% af heildartekjum deildarinnar.

Sem fyrr segir hefur stjórnin sett sér markmið er lúta að fjárhagslegri afkomu deildarinnar. Ljóst er að innan margra ára mun þurfa að endurnýja hluta af búnaði deildarinnar. Jafnframt

hyggst deildin efla enn frekar hæfni iðkenda með ákveðnum átaksverkefnum eftir því sem við á. Það er deildinni því nauðsynlegt að sníða reksturinn þannig að hún geti mætt þeim verkefnum sem framundan eru.

Stjórnin þakkar þjálfurum, iðkendum og forráðamönnum þeirra fyrir samstarfið á árinu.  Sérstakar þakkir fær yfirþjálfari deildarinnar sem hefur veg og vanda af öllu er snýr að faglegu starfi deildarinnar.

Fyrir hönd stjórnar:
Þorsteinn Yngvi Guðmundsson
Formaður

# KNATTSPYRNUDEILD

Aðalfundur knattspyrnudeildar var haldinn 19. febrúar 2018

Stjórn knattspyrnudeildar var skipuð:

Árni Hermannsson, formaður

Bogi Nils Bogason

Elísa Kristmannsdóttir

Geir Kristinsson

Kári Arnórsson

Kolbeinn Kristinsson

Kristján Einarsson

Viðar Karlsson

Þorgeir Örn Tryggvason

Marinó Þór Jakobsson

Hjörleifur Þórðarson

Trausti Harðarson

**Árið 2017 í hnotskurn**

-Meistaraflokkur kvenna átti gott ár og kom sér upp í 1. deild með því að enda í 2. sæti í 2. deild.

-Meistaraflokkur karla með erfitt ár. Ágætis endalok á tímabilinu og liðið endaði í 10. sæti í Pepsi deildinni.

-Þórður Ingason íþróttakarl Fjölnis 2017

-Engar leikmannasölur í ár

-Yngri flokka starfið gengur áfram vel

-Afreksþjálfun gengur líka vel

-Stúkumálin komin í farveg

-Klefamál í Egilshöll komin í farveg

-Ný skrifstofa opnuð sem stóreflir félagsandann

-Nýir þjálfarar bæði hjá meistaraflokki karla og kvenna

-Rekstur deildarinnar mjög erfiður og varasjóður á þrotum

- Tap á öllum deildum
- Rekstur BUR í góðu jafnvægi en betri vinnubrögð í bókhaldi kalla á ákveðnar leiðréttingar
- Krefjandi verkefni að tryggja viðsnúning rekstri deildarinnar 2018
- Nauðsynlegt að afla nýrra tekjustofna

-Engar leikmannasölur til útlanda 2017 náum vonandi að snúa því við árið 2018

**Barna- og unglingastarfið**

-Reksturinn í góðu jafnvægi

-Tekjur af æfingagjöldum, styrk frá KSÍ (sem fer hækkandi), og mótahaldi standa að langmestu leyti undir kostnaði

-Starfið einkennist áfram af miklum krafti og góðum árangri

-3. flokkur karla bæði Íslands- og Bikarmeistarar 2017. Gríðarleg efni þar á ferð

-Fjölmargir leikmenn valdir á úrtaksæfingar hjá KSÍ, bæði hjá strákum og stelpum

-Öflug stjórn BUR sem þarf að stækka

-Áhersla á að allir iðkendur fái verkefni við sitt hæfi

-Áfram unnið markvisst í að auka iðkendafjölda í yngstu flokkum kvenna með góðum árangri

-Aukin áhersla á afreksstarf sem þróast mun enn frekar á næstu árum



**Meistaraflokkur kvenna**

-Tímabilið gekk vel og á lokametrunum náði liðið að tryggja sér 2. sæti og þar með tilverurétt í 1. deild á komandi keppnistímabili

-Gunnar Már og Gunnar Valur hættu í lok tímabilsins sem þjálfarar

-Nýr þjálfari tók við liðinu Páll Árnason í lok árs 2017

-Nýr aðstoðarþjálfari ráðinn í lok tímabils, Rúna Sif Stefánsdóttir, sem jafnframt mun leika með liðinu

-Mikill metnaður hjá stelpunum, þjálfarateyminu og meistaraflokksráði kvenna að byggja upp öflugt lið sem verður farið að spila í úrvalsdeild innan 2ja ára

-Nokkrir öflugir leikmenn hafa gengið til liðs við félagið eins og t.d. Elísabet Guðmundsdóttir og Mist Þormóðsdóttir frá KR

-Þrír fyrrum leikmenn Fjölnis komnar til baka: Elísa Pálsdóttir, Helga Franklínsdóttir og Edda María Birgisdóttir

-Eva Karen Sigurdórsdóttir valin í U17

-Þessir öflugu leikmenn munu styðja vel við þær ungu og efnilegu stelpur hjá Fjölni sem eru að stíga sín fyrstu spor í meistaraflokki. Framtíðin er björt hjá okkur

-Þessi liðsstyrkur endurspeglar þann metnað sem er hjá okkur í Fjölni að eiga meistaraflokka í fremstu röð, bæði hjá stelpum og strákum



**Meistaraflokkur karla**

-Erfitt sumar og dýrt sem á endaði þó vel, þ.e. Liðið hélt sér í deildinni – endaði í 10. sæti

-Of margir aðkomumenn í liðinu og röng blanda, vantaði Fjölnisneistann

-Ágúst Gylfason og Guðmundur Steinarsson hættu

-Ólafur Páll Snorrason og Gunnar Már Guðmundsson ráðnir nýir þjálfarar

-Framtíðin björt og frábærir árgangar að koma upp

-Nokkrir frábærir leikmenn komið til okkar

-Reykjavíkurmeistarar 2018

-Ætlum okkur stóra hluti í sumar með mjög marga uppalda Fjölnismenn innanborðs

-Margir leikmenn að spila með yngri landsliðum

-Þórður Ingason íþróttakarl ársins 2017

-Krefjandi verkefni að snúa rekstrinum við

-Þurfum miklu meiri aðsókn

-Ætlum í stórsókn í sölu á ársmiðum #FélagiðOkkar

-Öflugt þjálfara- og liðsstjórateymi

-Meistaraflokksráðið hefur styrkst með aðkomu fleiri en áður



**Helstu verkefni 2018**

**Barna og unglingastarfið**

-Viðhalda gæðum í þjálfun og allri umgjörð

-Efla áfram eftirlit með innheimtu æfingargjalda

.Festa áfram í sessi og fjölga mótum á vegum Fjölnis

-Halda áfram að fjölga stelpum hjá Fjölni, þar liggur enn stærsta sóknartækifærið

-Halda áfram að stuðla að heilbrigðu líferni ungs fólks, vinna gegn notkun tóbaks, áfengis og annarra vímuefna og um leið stuðla að betri lýðheilsu

-Efla afreksstarfið sem er lykill að frekari árangri meistaraflokka félagsins og stuðlar að því að við eignumst fleiri atvinnumenn sem er grunnur að því að fjármagna félagið

**Meistaraflokkur kvenna**

-Stefna sett á komast upp í úrvalsdeild

-Styrkja áfram innviði

-Stofnuðum okkar 3. flokk árið 2016 sem náði frábærum árangri og fór í undanúrslit á Íslandsmótinu

-Stefnum á að vera með eigin 2. flokk árið 2019

-Erum búin að styrkja okkar unga og efnilega lið með reynsluboltum, sem eru nauðsynlegir til að færa meiri ró og sjálfstraust inn í liðið

-Umgjörð okkar um leiki meistaraflokks kvenna er með því besta sem gerist kvennaboltanum en eins og hjá öllum öðrum liðum þá þarf að stór auka aðsóknina á völlinn

-„Stelpurnar heim“. Eigum fullt af stelpum sem eru að spila annars staðar og með betri árangri og sterkara liði aukast líkurnar á því að við fáum stelpurnar okkar heim

-Fjölga styrktaraðilum og leita nýrra tekjustofna



**Starfið almennt**

-Halda áfram að stækka hópinn sem kemur að starfinu á öllum sviðum.

-Halda hinu frábæra getraunastarfi áfram sem byrjaði haust.

-Allir velkomnir í stjórn sem hafa áhuga.

-Efla félags- og keppnisaðstöðu  (Dalhús – stúka -> Egilshöll félagsaðstaða og klefar)

**Þakkir til**

-Allra sjálfboðaliða

-Styrktaraðila.

-Þjálfara.

-Starfsfólks á skrifstofu, Egilshöll og Dalhúsum.

-Samstarfsmanna í stjórn og aðalstjórn.

## Ársreikningur 2017

## Deildin í heild

### Rekstrarreikningur ársins 2017

| | Skýr. | 2017 | 2016 | % | Kr. mism. |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | | | |
| Framlög og styrkir | 1 | 76.583.221 | 85.533.738 | 10,46-% | 8.950.517- |
| Tekjur af mótum | 2 | 28.240.468 | 39.197.457 | 27,95-% | 10.956.989- |
| Æfingagjöld | 3 | 47.316.857 | 44.699.704 | 5,85 % | 2.617.153 |
| Aðrar tekjur | 4 | 4.031.658 | 7.700.572 | 47,64-% | 3.668.914- |
| Rekstrartekjur alls | | 156.172.204 | 177.131.471 | 11,83-% | 20.959.267- |
| **Rekstrargjöld** | | | | | |
| Laun og verktakagreiðslur | 5 | 117.517.868 | 104.342.946 | 12,63 % | 13.174.922 |
| Þáttaka í mótum | 7 | 49.779.697 | 48.555.897 | 2,52 % | 1.223.800 |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 9 | 990.365 | 1.945.112 | 49,08-% | 954.747- |
| Annar rekstrarkostnaður | 10 | 19.180.040 | 18.976.103 | 1,07 % | 203.937 |
| Rekstrargjöld alls | | 187.467.970 | 173.820.058 | 7,85 % | 13.647.912 |
| Hagnaður (tap) án fjármagnsliða | | ( 31.295.766 ) | 3.311.413 | .045,09-% | 34.607.179- |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | | | | | |
| Vaxtatekjur | | 679.067 | 883.152 | 23,11-% | 204.085- |
| Fjármagnsgjöld | | ( 910.805 ) | ( 1.053.057 ) | 13,51-% | 142.252 |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld alls | | ( 231.738 ) | ( 169.905 ) | 36,39 % | 61.833- |
| **Hagnaður (tap) tímabilsins** | | ( 31.527.504 ) | 3.141.508 | .103,58-% | 34.669.012- |



# Efnahagsreikningur 31. desember 2017

| | Skýr. | 2017 | 2016 | % | Kr. mism. |
|---|---|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | | | |
| **Fastafjármunir:** | | | | | |
| Óefnislegar eignir | | 5.400.000 | 5.200.000 | 3,85 % | 200.000 |
| Fastafjármunir alls | | 5.400.000 | 5.200.000 | 3,85 % | 200.000 |
| **Veltufjármunir:** | | | | | |
| Skammtímakröfur | | 13.754.397 | 4.449.369 | 209,13 % | 9.305.028 |
| Handbært fé | | ( 131.760 ) | 26.592.334 | 100,50-% | 26.724.094- |
| Veltufjármunir alls | | 13.622.637 | 31.041.703 | 56,12-% | 17.419.066- |
| **Skuldir og eigið fé** | | | | | |
| **Eigið fé** | | | | | |
| Óráðstafað eigið fé | | 23.771.762 | 20.630.254 | 15,23 % | 3.141.508 |
| Endurmatsreikningur | | 7.600.000 | 6.700.000 | 13,43 % | 900.000 |
| Tekjuafgangur ársins | | ( 31.527.504 ) | 3.141.508 | 103,58-% | 34.669.012- |
| Eigið fé alls | | ( 155.742 ) | 30.471.762 | 100,51-% | 30.627.504- |
| **Langtímaskuldir:** | | | | | |
| **Skammtímaskuldir:** | | | | | |
| Ógreitt vegna starfsfólks | | 3.668.292 | 2.617.746 | 40,13 % | 1.050.546 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 15.510.087 | 3.152.193 | 392,04 % | 12.357.894 |
| Skammtímaskuldir alls | | 19.178.379 | 5.769.939 | 232,38 % | 13.408.440 |
| Skuldir og eigið fé samtals | | 19.022.637 | 36.241.701 | 47,51-% | 17.219.064- |



## BUR

**Knattspyrnudeild**

# Rekstrarreikningur ársins 2017

| | Skýr. | 2017 | 2016 | % | Kr. mism. |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | | | |
| Framlög og styrkir | 1 | 13.639.156 | 17.682.568 | 22,87-% | 4.043.412- |
| Tekjur af mótum | 2 | 1.862.275 | 1.148.615 | 62,13 % | 713.660 |
| Æfingagjöld | 3 | 47.316.857 | 44.699.704 | 5,85 % | 2.617.153 |
| Aðrar tekjur | 4 | 167.600 | 1.234.709 | 86,43-% | 1.067.109- |
| Rekstrartekjur alls | | 62.985.888 | 64.765.596 | 2,75-% | 1.779.708- |
| **Rekstrargjöld** | | | | | |
| Laun og verktakagreiðslur | 5 | 51.726.551 | 44.779.711 | 15,51 % | 6.946.840 |
| Þáttaka í mótum | 7 | 11.003.949 | 14.866.602 | 25,98-% | 3.862.653- |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 9 | 510.329 | 1.245.112 | 59,01-% | 734.783- |
| Annar rekstrarkostnaður | 10 | 994.030 | 1.152.904 | 13,78-% | 158.874- |
| Rekstrargjöld alls | | 64.234.859 | 62.044.329 | 3,53 % | 2.190.530 |
| Hagnaður (tap) án fjármagnsliða | | (1.248.971) | 2.721.267 | 145,90-% | 3.970.238- |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | | | | | |
| Vaxtatekjur | | (42.658) | 59.147 | 172,12-% | 101.805- |
| Fjármagnsgjöld | | (642.151) | (838.075) | 23,38-% | 195.924 |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld alls | | (684.809) | (778.928) | 12,08-% | 94.119 |
| **Hagnaður (tap) tímabilsins** | | (1.933.780) | 1.942.339 | 199,56-% | 3.876.119- |



## Meistaraflokkur kvenna

Knattspyrna - Mfl. kvenna

### Rekstrarreikningur ársins 2017

| | Skýr. | 2017 | 2016 | % | Kr. mism. |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | | | |
| Framlög og styrkir | 1 | 4.563.035 | 4.445.269 | 2,65 % | 117.766 |
| Tekjur af mótum | 2 | 0 | 200.000 | 100,00-% | 200.000- |
| Aðrar tekjur | 4 | 2.299.712 | 5.469.345 | 57,95-% | 3.169.633- |
| Rekstrartekjur alls | | 6.862.747 | 10.114.614 | 32,15-% | 3.251.867- |
| **Rekstrargjöld** | | | | | |
| Laun og verktakagreiðslur | 5 | 5.451.144 | 5.467.537 | 0,30-% | 16.393- |
| Þáttaka í mótum | 7 | 3.677.858 | 3.229.150 | 13,90 % | 448.708 |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 9 | 195.457 | 0 | 0,00 % | 195.457 |
| Annar rekstrarkostnaður | 10 | 430.699 | 1.735.752 | 75,19-% | 1.305.053- |
| Rekstrargjöld alls | | 9.755.158 | 10.432.439 | 6,49-% | 677.281- |
| Hagnaður (tap) án fjármagnsliða | | (2.892.411) | (317.825) | 810,06 % | 2.574.586- |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | | | | | |
| Vaxtatekjur | | 27.258 | 5.489 | 396,59 % | 21.769 |
| Fjármagnsgjöld | | (44.100) | (4.108) | 973,52 % | 39.992- |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld alls | | (16.842) | 1.381 | 319,55-% | 18.223- |
| **Hagnaður (tap) tímabilsins** | | (2.909.253) | (316.444) | 819,36 % | 2.592.809- |



## Meistaraflokkur karla

Knattspyrna - Mfl. karla

### Rekstrarreikningur ársins 2017

| | Skýr. | 2017 | 2016 | % | Kr. mism. |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | | | |
| Framlög og styrkir | 1 | 33.956.107 | 46.040.412 | 26,25-% | 12.084.305- |
| Tekjur af mótum | 2 | 24.774.153 | 37.848.842 | 34,54-% | 13.074.689- |
| Aðrar tekjur | 4 | 1.560.346 | 996.518 | 56,58 % | 563.828 |
| Rekstrartekjur alls | | 60.290.606 | 84.885.772 | 28,97-% | 24.595.166- |
| **Rekstrargjöld** | | | | | |
| Laun og verktakagreiðslur | 5 | 60.308.690 | 54.095.698 | 11,49 % | 6.212.992 |
| Þáttaka í mótum | 7 | 9.177.017 | 13.724.644 | 33,13-% | 4.547.627- |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 9 | 284.579 | 700.000 | 59,35-% | 415.421- |
| Annar rekstrarkostnaður | 10 | 17.619.308 | 16.087.447 | 9,52 % | 1.531.861 |
| Rekstrargjöld alls | | 87.389.594 | 84.607.789 | 3,29 % | 2.781.805 |
| Hagnaður (tap) án fjármagnsliða | | ( 27.098.988 ) | 277.983 | 848,43-% | 27.376.971- |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | | | | | |
| Vaxtatekjur | | 670.064 | 775.048 | 13,55-% | 104.984- |
| Fjármagnsgjöld | | ( 212.693 ) | ( 202.102 ) | 5,24 % | 10.591- |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld alls | | 457.371 | 572.946 | 20,17-% | 115.575- |
| **Hagnaður (tap) tímabilsins** | | ( 26.641.617 ) | 850.929 | 230,89-% | 27.492.546- |

## Rekstur knattspyrnudeildar

-2013: skuld að upphæð 12 mkr. gerð upp við aðalstjórn.

-2017: tekjur vegna styrktaraðila og minni aðsóknar á völlinn/sölu ársmiða 4-5 mkr. undir áætlun og kostnaður vegna leikmann 5-6 mkr. yfir áætlun.

Höfðum gert ráð fyrir að nota 20 mkr. af varasjóði en málin þróuðust til verri vegar vegna fallbaráttu og gengi liðsins.

-2018: erum að berjast við að loka árinu. Ef það koma engar leikmannasölur eða nýjir tekjustrauma fyrir árið 2019 er ljóst að skera þarf verulega niður í mfl. karla.

-Ef Fjölnir ætlar að halda sér í efstu deild er óraunhæft í núverandi umhverfi að reka mfl. karla undir 75-80 mkr. á ári.

# KÖRFUKNATTLEIKSDEILD

Framhalds aðalfundur körfuknattleiksdeildar fór fram 14. febrúar 2017 og voru eftirtaldir kosnir í stjórn:

Guðlaug Björk Karlsdóttir, formaður
Kristján Þórður Snæbjörnsson, varaformaður
Davíð Harðarson, meðstjórnandi
Elísa Birgisdóttir, meðstjórnandi
Guðleif Hafdís Indriðadóttir, meðstjórnandi
Olga Björney Gísladóttir, meðstjórnandi
Styrmir Freyr Böðvarsson, meðstjórnandi
Þórdís Davíðsdóttir, meðstjórnandi
Elías Bjarni Guðmundsson, meðstjórnandi

Starf körfuknattleiksdeildar Fjölnis hefur verið nokkuð hefðbundið á þessu starfsári líkt og þau síðustu. Undir lok síðasta keppnistímabils vorum við í mikilli baráttu um að komast upp um deild hjá meistaraflokki karla en fór svo að það markmið náðist ekki þar sem úrslitakeppnin var of stór biti fyrir liðið. Stjórnin ákvað að gera breytingu á liðinu og var nýr þjálfari ráðinn, Fal Harðarson, til að leiða meistaraflokkinn inn í nýtt tímabil auk þess var Jón Sverrisson ráðinn sem aðstoðarþjálfari. Fulltrúar stjórnar funduðu með leikmönnum meistaraflokks og reyndu að halda í öflugan hóp liðsmanna en þrátt fyrir að hafa gengið á eftir mönnum þá varð það niðurstaða fjölmargra lykilmanna að söðla um og fara til annarra liða, margir hverjir fóru í lið í efstu deild á meðan aðrir fóru til liða í 1. deild. Ljóst var að næsta keppnistímabil yrði því nokkuð erfiðara fyrir liðið en um leið opnuðust tækifæri fyrir yngri leikmenn okkar því þegar eldri Fjölnismenn fara þá fá yngri Fjölnismenn tækifæri til að stíga upp.




Meistaraflokkur kvenna keppir jafnframt í 1. deild og hefur liðið tekið framförum á milli ára í deildinni. Undanfarin tvö keppnistímabil hafði liðið unnið einn leik samanlagt enda var fyrsta deildin mjög sterk deild. Á þessu tímabili var ákveðið að bæta við erlendum leikmanni í liðið til þess að styrkja það enn frekar. Í 1. deild kvenna er fyrirkomulagið þannig að efstu fjögur sætin keppa um sæti í efstu deildu kvenna og því ljóst að meistaraflokkur Fjölnis er öruggur með að komast í úrslitakeppnina og á því svo sannarlega möguleika á að tryggja sér sæti í efstu deild á næsta keppnistímabili. Það verður mikil barátta því liðið sem situr í efsta sæti hefur unnið alla leiki í deildinni en við munum breyta því í úrslitakeppninni!



Starf yngri flokka hefur gengið með ágætum þetta árið og er ljóst að heilt yfir erum við í góðum málum með þjálfara félagsins. Nokkrar breytingar hafa orðið á þjálfarahópnum en við höfum haldið í góðan kjarna.




Bikar í hús! 10. flokkur drengja undir stjórn Halldórs Steingrímssonar sótti bikar í Laugardalshöllina þegar bikarúrslitin fóru fram. Liðið mætti Stjörnunni í úrslitaleiknum og var dásamlegt að sjá hversu margir Fjölnismenn mættu í Höllina og studdu strákana til dáða. Leikurinn var liðinu nokkuð erfiður því Stjarnan leiddi allan leikinn eða allt til loka sekúndna þegar Fjölnisstrákarnir misstu ekki trúna heldur stóðu í hárinu á Stjörnustrákunum og hreinlega stálu boltanum þegar örfáar sekúndur voru eftir af leiknum og voru þremur stigum undir. Fannar Elí stal boltanum af Stjörnunni þegar 8 sekúndur voru eftir, hljóp upp völlinn og tók ótrúlegt þriggja stiga skot með tvo varnarmenn í sér sem brutu á honum og eingöngu tvær sekúndur eftir af leiktímanum. Hann setti þriggja stiga skotið að sjálfsögðu og jafnaði þar með leikinn og fékk þar að auki vítaskot. Drengurinn fór á línuna og kláraði leikinn með því að setja vítaskotið niður, ískaldur! Liðssigur klárlega, hópur leikmanna sem vita að einstaklingar sigra ekki leiki heldur liðið í heild sinni. Gáfust ekki upp þó það blési á móti. Fjölnishjartað risastórt í þessum hópi drengja.



Við erum með mörg lið yngri flokka sem eru í A riðlum og er virkilega gaman að fylgjast með góðu gengi í yngri flokkunum en við vitum það öll að lykill að öflugu starfi í meistaraflokkum er öflugt starf í yngri flokkum en megum heldur ekki gleyma því að gott starf í meistaraflokkum er lykill að öflugu starfi í yngri flokkum. Það verður sennilega aldrei of oft sagt að þessir tveir þættir verða ekki aðskildir og mikilvægi þeirra beggja mjög mikið.

Fjármagn er af skornum skammti líkt og svo oft áður. Starf KKD Fjölnis byggist að miklu leyti upp á fjáröflunum en stærsta fjáröflunin er líkt og áður Sambíómótið þar sem hátt í 800 iðkendur mæta í Grafarvoginn og taka þátt í körfuboltamótinu okkar. Þessi viðburður dregur nokkur þúsund manns í voginn fagra og hjálpar okkur að efla byggðina á ýmsan hátt. Það er sennilega oft vanmetið hversu mikil áhrif þetta hefur á samfélagið. Við eigum aðstandendum mikið að þakka fyrir vinnuna í kringum mótið því þetta getur aldrei gengið upp nema með því að við fáum til okkar dómara úr hópi leikmanna og foreldra, að foreldrar hjálpi til við gæslu og annað sem þarf að sinna. Gott skipulag tryggir góða framkvæmd og ánægða iðkendur og gesti sem mæta til okkar. Allt þetta gerir okkur kleyft að halda mótið ár eftir ár. Takk!

Þessi upptalning á viðburðum deildarinnar er langt frá því að vera tæmandi en rammar vonandi inn hápunkta tímabilsins, eins og staðan er í dag.

Að lokum viljum við þakka þeim fjölmörgu einstaklingum og velgjörðarmönnum sem hafa komið að starfi deildarinnar með einhverjum hætti en það eru auðvitað fyrst og fremst iðkendurnir sjálfir frá þeim yngstu til þeirra elstu eða frá toppi til táar, foreldrar og forráðamenn, leikmenn meistaraflokkanna, þjálfarar, starfsfólk Fjölnis, meðlimir barna- og unglingaráðs og meistaraflokkráðs og stuðningsmenn Körfuknattleiksdeildar Fjölnis, nær og fjær, sem eiga allan heiður skilið fyrir það starf sem unnið hefur verið í deildinni.

Áfram Fjölnir!

Stjórn Körfuknattleiksdeildar Fjölnis

# SKÁKDEILD

......................................................................................................................................................

Í stjórn skákdeildar Fjölnis árið 2017 voru kjörin:

Helgi Árnason, formaður

Erlingur Þorsteinsson, varaformaður

Margrét Cela, ritari,

Vignir Bjarnason gjaldkeri

Gunnlaugur Egilsson, meðstjórnandi

Davíð Hallsson, varamaður stjórnar

Virkir félagar deildarinnar eru 75. Engin félagsgjöld eru innheimt.



Skákdeildin hélt reglulega æfingar fyrir börn og unglinga á miðvikudögum kl. 16.30 - 18:30 í janúar – maí og í september – desember. Æfingarnar voru skipulagðar með þeim hætti að leiðbeinendur tóku að sér litla hópa í skákþjálfun en umsjónarmaður sá um 5 - 6 umferða skákmót.Veitt voru 10 - 17 verðlaun og happadrættisvinningar fyrir frammistöðu á skákmótunum og undantekningarlaust var börnunum boðið upp á veitingar á miðri æfingu, ávexti, gómsæta skúffuköku og nóg af köldu vatni. Yngri þátttakendur og stúlknahópar skiptu æfingatímanum að hálfu í skákmót eða skákkennslu. Á hverja æfingu mættu 30 – 40 börn og unglingar og hefur þátttakan verið jöfn og góð allt frá stofnun skákdeildar árið 2004. Umsjón með skákæfingum Fjölnis árið 2017 hafði Helgi Árnason formaður skákdeildar sem hefur sinnt því verkefni allt frá stofnun deildarinnar. Að skákþjálfun komu Oliver Aron Jóhannesson, Jón Trausti Harðarson, Jóhann Arnar Finnsson, Sigríður Björg Helgadóttir og Leó Jóhannesson. Ylfa Ýr Welding Hákonardóttir í 6. bekk Foldaskóla var kjörin æfingameistari vetrarins fyrir góða æfingasókn og árangur á skákmótum æfingatímabilsins. Arnór Gunnlaugsson í 6. bekk Rimaskóla var kjörin afreksmaður skákdeildarinnar veturinn 2016 – 2017 fyrir að sýna miklar framfarir og tefla vel fyrir Rimaskóla og skákdeild Fjölnis.



Á fjölmennu Skákþingi Reykjavíkur sem lauk í lok janúar 2016 náði Dagur Ragnarsson Fjölni 3. – 6. sæti sem er mjög góður árangur hjá 19 ára ungling. Dagur leiddi mótið eftir 6 umferðir af 9 en gaf aðeins eftir í lokaumferðunum. Hann var stigahæsti skákmaður Íslands í flokki skákmanna 20 ára og yngri lengst af á árinu 2017. Hörður Aron Hauksson og Jón Trausti Harðarson úr Fjölni urðu efstir og jafnir á gestamóti Hugins og Breiðabliks með 5 vinninga af 6 mögulegum. Á Norðurlandamótinu í skólaskák sem haldið var í Drammen í Noregi náði Oliver Aron Jóhannesson 2. sæti og bestum árangri

íslenskra keppenda. Hann á eitt ár eftir í þessum flokki og fær þá tækifæri til að gera enn betur á sínu síðasta skólaskákmóti með NM titli 2018.

Íslandsmóti félagsliða í skák 2016 - 2017 lauk dagana 2. - 4. mars, þegar tefldar voru 6. - 9. umferðir mótsins. Teflt var í Rimaskóla líkt og í fyrri hlutanum.
A sveit Fjölnis sem tefldi í 1. deild náði 3. sæti mótsins annað áríð í röð, verðlaunasæti sem gaf Fjölnismönnum þátttökurétt á EM skákfélaga í Tyrklandi í október. A sveitin hlaut 38,5 vinninga sem er glæsilegur árangur miðað við að sveitin var eingöngu skipuð íslenskum skákmönnum. Í A - sveitinni tefldu Héðinn Steingrímsson, Davíð Kjartansson, Sigurbjörn Björnsson, Dagur Ragnarsson, Oliver Aron Jóhannesson, Jón Árni Halldórsson, Jón Trausti Harðarson, Tómas Björnsson og Erlingur Þorsteinsson. Davíð Kjartansson stóð sig manna best með því að ná öðrum áfanga að alþjóðlegum meistaratitli. Tómas Björnsson hlaut 6 vinninga og stigahæstur í sveitinni en flestum stigum bætti Jón Trausti við sig, alls 37 ELO. B sveit Fjölnis sem tefldi í fyrsta sinn í annarri deild og átti í vök að verjast allar umferðirnar. B sveitin endaði í neðsta sæti 2. deildar og teflir því í 3. deild keppnistímabilið 2017 – 2018. B sveitin var að mestu skipuð ungum afreksskákmönnum. Hin 15 ára Nansý Davíðsdóttir hlaut flesta vinninga B – sveitarmanna, þrjá af sjö mögulegum. Hún og Hörður Aron Hauksson voru þau einu sem tefldu með B sveitinni í öllum umferðum. Skákdeild Fjölnis sendi einnig C og D sveitir til leiks í 4. deild, skipaðar skákkrökkum á grunnskólaaldri.
Dýrmæt reynsla fyrir þau að tefla lengri keppnisskákir.



Miðgarðsmótið í Grafarvogi var haldið ellefta árið í röð. Mótið er sveitakeppni, skákmót grunnskólanna í Grafarvogi, sem Skákdeild Fjölnis heldur í samstarfi við Fjölskylduþjónustuna Miðgarð. Góð þátttaka var á mótinu því að tíu skáksveitir tefldu á mótinu, sex skákkrakkar í hverri sveit, alls 60 keppendur. A og B sveitir Rimaskóla voru í nokkrum sérflokki á mótinu og fór svo að B sveitin vann Miðgarðsmótið með minnsta mun. B sveitin hlaut 30,5 vinninga en A sveitin 30 vinninga. A sveit Kelduskóla og stúlknasveit Rimaskóla urðu jafnar í 3. – 4. sæti með 21,5 vinning. Í sigursveitinni eru efnilegir drengir í 6. bekk Rimaskóla. Þess

má geta að sveitir Rimaskóla hafa unnið Miðgarðsmótið öll 11 árin. Skákstjórar voru þeir Helgi Árnason formaður skákdeildarinnar og Þorvaldur frá Miðgarði.

Á Íslandsmótinu í Áskorendaflokki 2017 náði hinn Dagur Ragnarsson Fjölni 2. sæti á mótinu og tryggði sér þar með þátttökurétt á Skákþingi Íslands í landsliðsflokki 2017 sem haldið var í Hraunseli í Hafnarfirði dagana 10. – 20. maí. Þar gerði þessi efnilegi skákmaður enn betur og náði 3. sæti af 10 í sinni fyrstu tilraun. Ótrúlega góður árangur. Fjölnir átti fjóra keppendur af 10 að þessu sinni í landsliðsflokki. Héðinn Steingrímsson, stigahæsti skákmaður Íslands hélt forustunni fram að síðustu umferð en tapaði þá fyrir Guðmundi Kjartanssyni sem náði þar með 1. sætinu og Íslandsmeistaratitlinum. Stórmeistarinn Héðinn varð að gera sér 2. sætið að góðu eftir flotta taflmennsku allt mótið. Davíð Kjartansson varð í 5. sæti með góðum endaspretti. Frábær árangur Fjölnismanna að ná þremur af fimm efstu sætum í landsliðsflokki 2017.



Skákdeild Fjölnis stóð fyrir Sturlubúðum, skákbúðum fyrir áhugasama skákkrakka í skákdeildinni. Þetta var í 6. skipti sem deildin stendur fyrir skákbúðaferð í tvo daga og yfir eina nótt. Skákbúðirnar voru haldnar að Úlfljótsvatni dagana 1. – 2. apríl og voru þátttakendur rúmlega 20 að þessu sinni, flestir frá Skákdeild Fjölnis. Leiðbeinendur voru þau Stefán Bergsson frá Skákakademíu Reykjavíkur, Lenka Ptacnikova stórmeistari og Jóhann Arnar Finnsson frá Skákdeild Fjölnis. Sturlubúðir bera nafn Sturlu Péturssonar, skákfrömuðar á miðri síðustu öld, en sonasonur hans og alnafni veitir skákbúðaverkefninu veglegan styrk. Dagskráin að Úlfljótsvatni var stíf og skáktímarnir vel nýttir. Inn á milli voru frjálsir tímar úti. Efnt var til knattspyrnumóts og hlaut sigurliðið 1. kg. páskaegg frá Nóa – Síríus. Boðið var upp á góðgæti á kvöldvökunni og eftir góða kennslustund síðari daginn var efnt til skákmóts þar sem 10 páskaegg í boði Góu voru í verðlaun. Skákbúðaferðin heppnaðist afskaplega vel og var hún þátttakendum að mestu að kostnaðarlausu

Dagana 19. - 27. apríl var 32. alþjóðlega Reykjavíkurskákmótið haldið í tónlistarhúsinu Hörpunni. Þátttakendur voru alls 263 skákmenn. Fimm félagar frá skákdeild Fjölnis tefldu á mótinu og náði Sigurbjörn J. Björnsson bestum árangri þeirra, hlaut 5 vinninga af 10

mögulegum. Aðrir þátttakendur Fjölnis á mótinu voru ungmennin Nansý Davíðsdóttir, Jóhann Arnar Finnsson, Sæmundur Árnason og Magnús Hjaltason.

Skákdeildin stóð fyrir fjölmennri páskaeggjaæfingu 5. apríl þar sem allir þátttakendur þáðu páskaegg og í verðlaun voru að sjálfsögðu líka páskaegg. Teflt var um tvö laus sæti á Barna-Blitz móti Reykjavíkurskákmótsins og voru það Arnór Gunnlaugsson og Kristján Dagur Jónsson sem hrepptu „farseðilinn“ á úrslitamótið í Hörpu.



Sumarskákmót Fjölnis var haldið í 13. skipti laugardaginn 29. apríl. Þriðja árið í röð var sumarskákmótið liður á Barnamenningarhátið í Reykjavík og aðsóknin mjög góð, alls 52 grunnskólakrakkar. Mótið var haldið í Rimaskóla og að vanda var teflt um mörg áhugaverð verðlaun, pítsur, bíómiða og 66°N húfur. Í skákhléi var þátttakendum boðið upp á hagstæðar veitingar . Rótarýklúbburinn Reykjavík-Grafarvogur gaf verðlaunabikara að vanda. Mótið var jafnt og spennandi. Í lokin var það Vignir Vatnar Stefánsson Hörðuvallaskóla sem stóð uppi sem sigurvegari með 5,5 vinninga úr sex skákum. Benedikt Þórisson Austurbæjarskóla vann yngri flokkinn og æfingameistarinn Ylfa Ýr Welding Hákonardóttir Foldaskóla sigraði í stúlknaflokki. Þau þrjú hlutu glæsilega eignarbikara og var það Rótarý-félaginn og skákáhugamaðurinn Gylfi Magnússon sem afhenti verðlaunagripina. Skákstjórar voru þeir Helgi Árnason og Gunnlaugur Egilsson frá Skákdeild Fjölnis og Björn Ívar Karlsson frá Skákakademíu Reykjavíkur.

Skáksamband Íslands sendi fjórar stúlkur á Norðurlandamótið í skólaskák stúlkna 2017 sem fram fór í bænum Alta í Noregi í lok apríl og byrjun maí. Fjölnisstúlkan Nansý Davíðsdóttir stóð sig frábærlega á mótinu og varð í 2. sæti í B flokki sem hún tefldi í annað sinn. Nansý fór taplaus í gegnum mótið, vann tvær skákir og gerði þrjú jafntefli. Nansý varð Norðurlandameistari stúlkna í C flokki þrjú ár í röð 2013 – 2015.

Þann 1. júní 2017 endurheimti stórmeistari Fjölnis, Héðinn Steingrímsson efsta sæti íslenskra skákmanna á alþjóðlega skákstigalistanum eftir nokkurt hlé. Það var ekki síst góð frammistaða Héðins á Skákþingi Íslands fyrr í maí sem lyfti Héðni uppfyrir aðra íslenska skákmenn en þar varð hann í 2. sæti eins og fyrr var greint frá. Héðinn Steingrímsson dvaldi á Íslandi sumarið 2017 og fékk aðstöðu í Háskóla Reykjavíkur við að þróa fyrsta skákforritið í heiminum sem nýtir augnhreyfingar. Til þessa verkefnis fékk hann myndarlegan Sprotasjóðsstyrk. Héðinn bauð áhugasömum skákmönnum að prófa þetta nýja forrit og voru margir sem kíktu við í HR til að spreyta sig við nýja forritið.



Sjötta árið í röð bauð Skákdeild Fjölnis og Rimaskóli sínum efnilegustu og virkustu ungmennum til Västerås í Svíþjóð með styrk og stuðningi Jafnréttissjóðs Íslands, Íslandsbanka og Skáksambands Íslands. Að þessu sinni voru 13 ungmenni með í för, sjö stúlkur sem fengu styrk frá Jafnréttissjóði Íslands og sex drengir, bekkjarfélagar úr 7. bekk Rimaskóla. Hópurinn tók þátt í Västerås Open, fjölmennasta alþjóðlega skákmóti Norðurlanda sem fram fór helgina 29. sept. – 1. okt. Tefldar voru 8 umferðir, þar af fjórar atskákir í 1. – 4. Umferð. Hópurinn var í yngri kantinum þetta árið og voru 11 þeirra þátttakendur í stigalægri flokk mótsins en tvær stúlkur, þær Hrund Hauksdóttir og Nansý Davíðsdóttir tefldu í flokki yfir 1600 stig. Joshua Davíðsson endaði í 3. sæti í stigalægri flokknum með 6 vinninga af 8 mögulegum sem er frábær árangur. Þeir Arnór Gunnlaugsson og Kjartan Karl Gunnarsson bekkjarbræður Joshua voru að tefla uppfyrir sig og tefldu á efstu borðum með góðum árangri. Þeir enduðu með 5 vinninga. Það var þó Rimaskólastúlkan Batel Goitom sem vann sér inn flest skákstig með frábærri taflmennsku í síðari umferðunum og hækkaði um rúmlega 100 stig. Í stigahærri flokknum stóðu þær Nansý og Hrund sig mjög vel og hlutu báðar 4 vinninga af 8 mögulegum. Nansý hækkaði um 20 skákstig og nálgast 2000 stiga múrinn og Hrund hækkaði um 42 atskákstig. Helgi Árnason formaður skákdeildar var fararstjóri og skipuleggjandi þessarar ferðar. Naut hann vináttu

sinnar við Andre Nilsen mótsstjóra Västerås Open. Gist var á Elite Stadtshotellet sem er við hlið mótsstaðsins í þessum vinalega sænska bæ.

Fyrsta Fjölnisliðið til að taka þátt í Evrópumóti félagsliða var Skáksveit Fjölnis sem ákvað að nýta sér rétt sinn til þátttöku eftir að hafa náð 3. Sæti á Íslandsmóti félagsliða í mars sl. Mótið fór fram í Antalya í Tyrklandi dagana 8. – 15. október. Í skáksveit Fjölnis tefldu eingöngu íslenskir skákmenn, þeir Héðinn Steingrímsson stórmeistari, Davíð Kjartansson, Sigurbjörn Björnsson, Oliver Aron Jóhannesson, Jón Árni Halldórsson, Jón Trausti Harðarson og Tómas Björnsson. Bestum árangri náði Davíð Kjartansson sem vann sigur í síðustu fjórum skákunum, hlaut 5 vinninga og náði þriðja og næstsíðasta áfanga að alþjóðlegum meistaratitli. Davíð gerði sér lítið fyrir og fór yfir 2400 stig. Skáksveit Fjölnis endaði í 20. sæti en var fyrirfram raðað í 19. sæti. Héðinn náði 4 vinningum á 1. borði eftir frábæran endasprett líkt og Sigurbjörn sem hlaut 3,5 vinninga og hækkaði um 7 stig.

Tveir ungir og bráðefnilegir erlendir skákmenn gengu á árinu 2017 til liðs við Skákdeild Fjölnis. Þetta eru hinn norski Aryan Tari tvítugur meistari sem gerði sér lítið fyrir og varð heimsmeistari 20 ára og yngri á haustmánuðum stuttu eftir að hann gekk til liðs við Fjölni. Hinn er Jesper Thybo 18 ára Dani sem vann Evrópumeistaratitilinn stuttu áður og skömmu eftir að hafa gengið til liðs við Fjölnismenn. Ekki slæmt að fá bæði heims-og Evrópumeistara í hópinn. Það var ekki síst fyrir kunningsskap við Dag Ragnarsson að þessir tveir bráðefnilegu skákmenn gengu til liðs við Grafarvogsliðið.



Fyrri hluti Íslandsmóts skákfélaga 2017 - 2018 fór fram í Rimaskóla dagana 19. – 22. okt. Skákdeild Fjölnis sendi þrjár sveitir til keppni. A – sveitin er í 3. sæti eftir fimm umferðir af níu á eftir ofursveit Víkingaklúbbsins skákfélaginu Hugin. Fjölnismenn hafa 24 vinninga að loknum 5 umferðum af 9 og eru með þriggja vinninga forskot á TR a sveit. Stigahæsti skákmaður Íslands Héðinn Steingrímsson stóð sig best og hlaut 3,5 vinninga af 4 mögulegum. Hinn danski Jesper Thybo, Evrópumeistari 18 ára og yngri, hlaut einnig sama vinningsfjölda og Héðinn en tefldi einni skák meira. Aðrir liðsmenn í A sveit Fjölnis voru þeir

Davíð Kjartansson (3), Dagur Ragnarsson (2), Sigurbjörn Björnsson (2,5), Jón Árni Halldórsson (2), Oliver Aron Jóhannesson (3,5), Jón Trausti Harðarson (2,5) og Tómas Björnsson (1,5) en hann tefldi tvær skákir. B sveitin er í 2. sæti í 3. deild eftir fyrri hluta mótsins og stefnir á það að endurheimta sæti sitt í 2. deild eftir árs fjarveru. Sveinbjörn Jónsson hlaut 3 vinninga af 4 mögulegum og kom sterkur inn í B sveitina eftir nokkra fjarveru vegna vinnu. Þau Dagur Andri Friðgeirsson og Hrund Hauksdóttir voru með fullt hús en bæði tefldu þau tvær skákir. B sveitin er að mestu skipuð efnilegum skákungmennum í bland við reynslubolta eins og Erling Þorsteinsson og Tómas Björnsson. Tómas hefur ekki tapað skák á Íslandsmóti skákfélaga í langan tíma og reynist ekki síðri í atskák. Hann varð Reykjavíkurmeistari í atskák stuttu eftir Íslandsmótið. Fjölnismenn sendu ungmennasveit til keppni í 4. deild. Þarna voru á ferðinni nemendur í 5. – 8. bekk Rimaskóla og Foldaskóla sem fengu góða æfingu við að tefla keppnisskákir.



Fjölnismenn ákváðu að taka yfir verkefni Hugins og halda Hraðskákmót taflfélaga 2017. Fyrirkomulagi mótsins var breytt. Mótið var ekki lengur með útsláttarfyrirkomulagi heldur tefldar sjö umferðir skv. svissneska kerfinu og kláraðist á einum degi. Öll stærstu skákfélögin sendu 6 manna skáksveitir til keppni og voru 13 skáksveitir sem skráðar til leiks. Teflt var í hátíðarsal Rimaskóla.

Hraðskákmótið var jafnt og spennandi allan tímann með þeirri undantekningu að A sveit TR tók fljótlega nokkuð örugga forystu sem sveitin hélt til enda. TR ingar hlutu 61 vinning eða 73% vinningshlutfall. Með góðum lokaspretti varð sveit SA í öðru sæti, sjónarmun á undan A sveit Hugins. Flestir þátttakendur lýstu ánægju sinni með breytt fyrirkomulag og Fjölnismenn eru staðráðnir í að halda mótið að nýju á næsta ári vissir um að þá muni þátttökusveitum fjölga verulega.

Í lok ársins, voru þau Davíð Kjartansson og Nansý Davíðsdóttir heiðruð af aðalstjórn Umf. Fjölnis sem afreksfólk skákdeildar árið 2017. Þetta var tilkynnt á verðlaunahátíð Fjölnis í Egilshöll 29. des.

Fundir í stjórn skákdeildar Fjölnis voru fáir árið 2017. Stjórnarmeðlimir komu að einstaka verkefnum skákdeildarinnar. Skákdeildin fékk rekstrarstyrk frá ÍTR fyrir árið 2017 sem er deildinni nauðsynlegur við uppbyggingu barna og unglingastarfs og þátttöku á Íslandsmóti skákfélaga. Stjórn ÍTR fær sérstakar þakkir fyrir stuðninginn sem leiddi af sér enn eitt árangurs-og viðburðarríka skákárið. Skákdeild Fjölnis vill einnig þakka starfsfólki og aðalstjórn Fjölnis fyrir gott og ánægjulegt samstarf. Loks ber að þakka húsverði Rimaskóla, Ragnari Bjarnþóri Fjeldsted, og skólaliðum skólans fyrir aðstoð við undirbúning skákæfinga og skákmóta í skólanum.

Reykjavík, 20. febrúar 2018
Helgi Árnason formaður skákdeildar

# SUNDDEILD

Aðalfundur sunddeildar var haldinn 22. mars 2018. Í stjórn voru kosin:

Jóhannes H Steingrímsson, formaður
Ingvar Orri (A-yngri)
Eyrún Anna (Hákörlum)

Aðrir í stjórn:
Anna Gunnarsdóttir, Stella (A-yngri)
Herdís Anna Thorvaldsdóttir, Elektra (A-yngri)
Hjördís Guðný Guðmundsdóttir, Héðinn (A-yngri) og Dagbjört (Hákörlum)
Jóhannes Smári Þórarinsson, Embla (Hákörlum)
Sigrún Þorsteinsdóttir, Embla (Hákörlum)
Helga Ágústsdóttir, Steinunn (Hákörlum)
Þórarinn Halldór Kristinsson, Guðrún Ásta (A-eldri)

Út ganga
Hilda Friðfinnsdóttir, Arna Maren (A-yngri)
Bjarni Ragnar Brynjólfsson, Berglind (A-eldri)
Sverrir Gíslason, Jón Margeir (A-eldri)

Jóhannes H. Steingrímsson, varaformaður fór yfir mál stjórnar síðasta ár:

- Júní, Akranes og AMÍ
- Júlí, sundnámskeiðin og leitin að sundþjálfara
- Ágúst, æfingaferð sem var farin til L'loret de Mar
- September, styrkir frá ÍTR, viðburður fyrir Team Reykjavík
- Október, kaffisala á ÍM og NM
- Nóvember, bókhald komið í lag og staða deildarinnar ljós
- Desember, haustmót Fjölnis seinna en vanalega
- Janúar, ungbarnasund og markaðsmál
- Markmið stjórnar á að vera að auka metnað og ánægju sundmanna

Ragnar yfirþjálfari fór yfir árið. Árangur var góður á sundmótum þótt heldur hafi dregið úr þátttöku í eldri flokkum. Þakkað fyrir gott starf hjá nýjum þjálfurum og sem og þeim sem hættu í ár. Ragnar tilkynnir einnig að hann sé að láta af störfum sem yfirþjálfari og kveður sunddeild Fjölnis eftir áralangt samstarf. Ræða hans er hér fyrir neðan.



Bjarni gjaldkeri fór yfir reikninga, mikill hagnaður var á deildinni og eigið fé gott.  Mælir með að nota hagnaðinn í innra starf. Reikningar voru samþykktir.

**Skýrsla yfirþjálfara sunddeildar Fjölnis**

Sundmenn og konur í Sunddeild Fjölnis stóðu sig að venju vel á árinu 2016.
Vel hefur gengið með Sundskólann og mikil eftirspurn eftir tímum þar.  Endurnýjun hefur átt sér stað í yngri hópum félagsins enn iðkendafjöldi í elsta hópum hefur dregist saman
Árangur sundmanna hefur verið góður í öllum aldursflokkum og eru flest allir krakkarnir okkar eru að sína framfarir jafn og þétt yfir allt árið.  Þó svo að okkur vanti fleiri sundmenn í alla keppnisflokka. Þá sértaklega til þess að geta synt oftar í boðsundum.

Sameiginlega æfingar með Sunddeild Ármanns og Sunddeild KR hafa verið í vetur. Hefur það samtarf gengið ágætlega og kepptum við saman undir merkjum Íþróttabandalags Reykjavíkur á Bikar og IM-25 og IM-50 og nú í fyrsta skipti á AMÍ.

Sunddeild Fjölnis tók þátt í flestum þeim sundmótum sem fram fóru á Íslandi á árinu. Mjög góður árangur náðist á Íslandsmeistaramótum (IM-50 og IM-25) og á Aldurflokkameistaramóti (AMÍ), Bikarkeppni auk almennra móta.

Krakkarnir hafa verið að sýna stigvaxandi árangur og erum við Þjálfararnir mjög ánægðir að starfa með þessu frábæru krökkum.



**Árangur Innanlands (Stærstu mótin)**

**Reykjavíkur Meistaramót í Janúar**

15 krakkar frá Sunddeild Fjölnis tóku þátt í Reykjavíkurmeistaramóti í sundi og stóðu sig öll vel. Kristinn Þórarinsson var valinn sundmaður Reykjavíkur og Jón Margeir Sverrisson sundmaður fatlaðra í Reykjavík. Einnig unnu margir til verðlauna á mótinu.

**Íslandsmeistaramót í 50m laug (IM-50) í apríl**

Sjö sundmenn frá Sunddeild Fjölnis tóku þátt í Íslandsmeistaramóti í sundi í 50m laug (IM-50). Þar fór fremstur í flokki Kristinn Þórarinsson sem sigraði 50, 100, 200 bak og 200m fjórsund enn auk þess bætti hann sína bestu tíma í 200skrið og setti Fjölnismet í 100skrið í boðsundi. Auk þess kepptu Hilmar, Steingerður, Berglind og Vikar í úrslitum.

**Aldursflokkameistaramót (AMÍ) var haldið um miðjan júní.**

15 krakkar tóku þátt í AMÍ,sem fram fór í Reykjavík og keppt var undir merkjum IBR ásamt Sunddeild Ármanns og Sunddeild KR. Öll stóðu þau sig eins vel að vanda og voru að bæta sína bestu tíma í nær öllum greinum. Ingvar Orri var í öðru sæti í 100m bringusundi og Arnar Maren í 3ja sæti í 100 og 200m baksundi. Saman enduðaði ÍBR í þriðja sæti í heildarstigakeppni félaga.

**Bikarkeppni SSÍ**

Sunddeild Fjölnis tók þátt í Bikarkeppni SSÍ í lok september í sameiginlegu liði

Íþróttabandalags Reykjavíkur (IBR) með sundmönnum frá Fjölni, Ármanni og KR. A liðin enduðu í 4.sæti karla og kvennaflokki.

**Íslandmeistaramót í 25m laug (IM-25) í nóvember**

Þrír sundmenn úr Sunddeild Fjölnis tóku þátt í Íslandsmeistaramóti í 25m laug (IM-25) og syntu undir merkjum ÍBR ásamt sundmönnum úr Ármanni og KR. Vikar Máni Þórsson, Berglind Bjarnadóttir og Jón Margeir Sverrisson.

**Sundmót á vegum Sunddeildar Fjölnis**

Sunddeild Fjölnis stóð fyrir tveimur opnum sundmótum á árinu.
Vormót Fjölnis í mars og svo Málmtæknimót Fjölnis í byrjun desember.
Mótin gengu í alla staði mjög vel og veru vel sótt af Fjölniskrökkum sem og öðrum félögum og eiga allir mikið hrós skilið sem hjálpuðu til við framkvæmd mótanna. Enn það er umtalað í sundinu hvað Fjölnismótin eru vel skipulögð og ganga vel. Við stefnum að sjálfsögðu á að halda því áfram.



**Landsliðsverkefni**

**Kristinn Þórarinsson** keppti með Íslenska landsliðinu í sundi á Smáþjóðaleikum sem haldnir voru í San Marínó í síðustu viku. Kristinn hafnaði í 4 sæti í 200m baksundi og 100m bringusundi og varð í 6.sæti í 100m baksundi. Kristinn endaði svo með silfurverðlaun í 4x100m skriðsundi á nýju landsmeti og slógu þeir þar 10 ára gamalt met.
Á vor mánuðum ákvað svo Kristinn að leita á önnur mið og skipti yfir í annað félag og þökkum við honum fyrir frábært samstaf enn hann er einn besti sundmaður sem Sunddeild Fjölnis hefur alið og óskum við honum velfarnaðar á komandi árum.

Auk hans voru Fjölnis-konurnar Málfríður Sigurhansdóttir í hlutverki fararstjóra sundhópsins og Sarah Buckley sem sunddómari.

**Vikar Máni Þórsson** tók þátt í International Childrens´s Games (ICG) sem er alþjóðlegt íþróttamót Ungmenna sem IBR og Reykjavík taka reglulega þátt í. Mótið var að þessu sinni haldið í Kaunas í Litháen, sem er heimabær Rūta Meilutytė. Auk Vikars tóku fimm aðrir sundmenn þátt í mótinu: Logi, Svava Þóra og Tómas úr Sunddeild KR og Fanney Lind og Halldór Björn frá Sundfélaginu Ægi. Vikar stóð sig að vanda vel og synda á sínum bestu tímum.

**Æfingabúðir**

Æfingarbúðir voru fyrir yngri í Dalhúsum á haust og Vormánuðum auk þess sem við höfum haldið Æfingadaga og fræðslu fyrir eldri sundmenn í Laugardal í samvinnu með Lið Reykjavíkur.
Í ágúst hófum við svo nýtt tímabil á Æfingaferð til Spánar í samvinnu við félögin í Lið Reykjavíkur. Æfingabúðirnar gengu í alla staði mjög vel enn alls tóku 18 krakkar þátt í þeim frá Sunddeild Fjölnis.



**Þjálfaramál**

**Guðrún Baldursdóttir** sem hafði yfirumsjón með Sundskóla Fjölnis hætti í vor og ekki gekk að ráða eina manneskju til að taka að sér sundskólann eins og var. **Arna Lára Hjaltsted** var með yfirumsjón með sumarnámskeiðum og stóð hún sem með miklum sóma. Í vetur hefur hún svo séð um Sæhestahóp og Skjaldbökur. **Ylfa Björg Finnsdóttir** um Seli og **Ragnar Friðbjarnarson** um Krossfiska og hefur þetta gengið vonum framar og eiga þær stöllur mikið hrós skilið fyrir gott starf í vetur. Einnig vil ég þakka Gunnu fyrir gott starf á linum árum.
**Hilmar Smári Jónsson og Bára Sæmundsdóttir** sem þjálfuðu eldri hópa í Grafarvogi létu einnig af störfum í vor og þökkum við þeim einnig vel unnin störf. Við þeim tók **Elfa Ingvadóttir** og sér hún nú um þjálfun á þeim hópum. Mikil aukning og eftirspurn er í að

komast í þá hópa í vetur og er það hið besta mál. Auk þess sér hún um skriðsundsnámskeið fyrir fullorðna og Garpahóp.

Yfirþjálfari félagsins er svo Ragnar Friðbjarnarson sem sér um þjálfun elstu hópa í Laugardal í samvinnu við yfirþjálfara Ármanns og KR, auk þess að hafa yfirumsjón og vinna að uppbyggingu Sunddeildar Fjölnis. Það er mikill heiður að hafa unnir með þessum öllu þessu frábæra fólki á árinu. Þjálfurum, foreldrum og ekki síst þessu duglegu sundmönnum. Ég þakka formanni og stjórn Sunddeildar Fjölnis fyrir óeigingjörn störf í þágu deildarinnar og samstarfið á árinu 2017.
Enn eins og mörgum er kunnugt hef ég nú tilkynnt stjórn félagsins að ég mun ekki sækjast eftir að endurnýja ráðningarsamning minn hjá Sunddeild Fjölnis sem rennur út nú í sumar. Að lokum við ég því þakka öllum þeim frábæra fólki, sundmönnum, sundþjálfurum og foreldrum fyrir samstarfið á síðustu árum.

# TENNISDEILD

Aðalfundur Tennisdeildar Ungmennafélagsins Fjölnis haldinn 6. febrúar 2018. Á síðasta aðalfundi 2017 voru eftirtaldir kosnir í stjórn:

Óskar Knudsen, formaður
Carola Frank, meðstjórnandi
Guðrún Sigrún Jónsdóttir, meðstjórnandi
Hera Björk Brynjarsdóttir, meðstjórnandi
Teitur Marshall, meðstjórnandi

**Fjármál**

Ársreikningur félagsins er lagður fram á aðalfundi. Eins og undanfarin ár fara nokkurn veginn allar tekjur tennisdeildarinnar sem koma frá æfingagjöldum í að greiða laun þjálfaranna. Gjöld sem greidd eru af æfingahúsnæði eru greidd af Íþróttabandalagi Reykjavíkur.

**Aðstöðumál**

Starfsemi Tennisdeildarinnar fer að mestu leiti fram í Tennishöllinni í Kópavogi, þar eru þrír vellir. Fjölnisæfingar eru 5 sinnum í viku en æfingar í samstarfi við Þrótt, TFK, BH og TFG eru einnig í boði fyrir Fjölnisfólk. Síðasta sumar var samstarf við Tennisdeild Þróttar og Tennishöllina um útiæfingar í aðstöðu Þróttar í Laugardal. Í Laugardal voru haldin 5 tveggja vikna barnanámsskeið ásamt venjubundnum æfingum deildarinnar tvisvar til þrisvar í viku.



**Æfingar**

Carola Frank er aðalþjálfari deildarinnar en ásamt henni er Hera Björk Brynjarsdóttir og Dominik Hobacher starfandi þjálfarar. Með auknu samstarfi koma nú fleiri að þjálfuninni. Sameiginlegu æfingar áðurnefndra tennisfélaga hafa einnig verið í Tennishöllinni í Kópavogi. Þar þjálfa auk Carolu og Heru þeir Dominik Hobacher, Jón Axel Jónsson og Milan Dziak Kosicky .

**Keppni**




Hera Björk Brynjarsdóttir, er Íslandmeistari í einliðaleik innanhúss og varð í öðru sæti á Íslandsmóti utanhúss. Hún er einnig Íslandmeistari í tvíliðaleik bæði innan og utanhúss. Hún var í öðru sæti á Bikarmóti TSÍ.

**Framtíðarhorfur**

Næsta sumar er stefnt að því að endurtaka sumarnámsskeið á tennisvöllum Tennisdeildar Þróttar í Laugardal. Vonast er til að okkur takist að halda sumarnámsskeið í tennis í Grafarvogi. Samstarf um æfingar í Tennishöllinni heldur áfram. Stefnt er að því að fjölga æfingum í Tennishöllinni í Kópavogi.

Tennisfélögin í Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði hafa nú hafið samstaf við frístundaheimili í sínum sveitarfélögum. Þar er nú boðið upp á tennisnámsskeið fyrir 1. til 3. bekk og æfingar fara fram í íþróttahúsum skólanna einu sinni í viku. Við viljum feta þessa braut og hefja starf hér í hverfinu eftir þessari fyrirmynd hið fyrsta.
Þegar hefur verið tilkynnt að Hera Björk Brynjarsdóttir fer á FedCup (heimsmeistaramót kvennalandsliða) en riðillinn sem Ísland keppir í verður haldinn í Túnis 16. til 23. apríl næstkomandi.

Á þessu ári stefnum við að því að tennis verði kenndur í frístund á einhverjum af frístundaheimilunum hér í Grafarvogi, líkt og þegar er gert í Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði. Næsta vetur verður Tennishöllin í Kópavogi stækkuð og þá sjáum við fram á fjölgun á æfingum þar um 8 tíma.

Óskar Knudsen

# GILDIN OKKAR

Við berum virðingu fyrir félaginu okkar, iðkendum hjá félaginu, samherjum sem og mótherjum. Við berum virðingu fyrir starfi allra deilda innan okkar raða, búningum félagsins og eigum. Að sjálfsögðu berum við almennt virðingu fyrir umhverfi okkar. Við erum einnig stolt af félaginu okkar og við erum stolt af þeim afrekum sem allar deildir eru að vinna. Við erum stoltir meðlimir UMFÍ.

**Heilbrigði**

Við viljum hvetja alla félaga í Fjölni til heilbrigðs lífernis. Við berjumst gegn misnotkun allra skaðnautna, tóbaks, áfengis og eiturlyfja. Við viljum hvetja alla félaga í Fjölni og þá sem tengjast félaginu til holls mataræðis og aukinnar almennrar íþróttaiðkunar.

**Samkennd**

Við viljum auka samkennd og samvinnu innan félagsins. Nýtum stærð okkar á réttan hátt og lærum af afrekum og vandamálum hvers annars. Höfum gaman að því sem við erum að gera, það einfaldar allt starf og leiðir til betri afreka. Félagsstarf verður að vera mikilvægt öllum þeim, sem að félaginu koma.

**Metnaður**

Við höfum mikinn metnað fyrir framgangi félagsins og stefnum að því að gera Fjölni að enn frekara stórveldi í íþróttastarfi. Við höfum metnað fyrir afrekum allra iðkenda í öllum deildum félagsins.

# FJÖLNISMAÐUR ÁRSINS

2017 Óskar Hlynsson
2016 Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir
2015 Hermann Kristinn Hreinsson
2014 Brynjar Þór Friðriksson
2013 Kristján Einarsson og
Ásta Björk Matthíasdóttir
2012 Steinar Ingimundarson
2011 Helgi Árnason
2010 Málfríður Sigurhansdóttir
2009 Guðlaug Baldvinsdóttir og
Hákon Óli Guðmundsson
2008 Ólafur Þór Gunnlaugsson
2007 Gunnar Már Guðmundsson
2006 Kári Arnórsson
2005 Birgir Gunnlaugsson
2004 Bjarney Sigurðardóttir
2003 Ragnar Torfason
2002 Ingólfur Narfason
2001 Stefán Kristjánsson
2000 Jón Þorbjörnsson
1999 Júlíus Hafsteinsson
1998 Sigurrós Erlendsdóttir
1997 Jón Magnússon
1996 María Guðmundsdóttir
1995 Jónína M. Þórðardóttir
1994 Erla Gunnarsdóttir
1993 Þór Steinarsson
1992 Sigurður Óli Þorleifsson
1991 Stefán Már Guðmundsson
1990 Engin tilnefndur
1989 Sigríður Bjarnadóttir
1988 Agnethe Aðalsteinsdóttir

**Reglugerð**

Fjölnismaður ársins er kjörinn ár hvert af aðalstjórn félagsins. Fjölnismaður ársins er valin með hliðsjón af framúrskarandi framlagi til félagsins í formi sjálfboðavinnu, hvatningu, unnið óeigingjarnt starf og eða annað sem tekið hefur verið eftir. Deildir félagsins geta komið með ábendingar um einstakling sem gæti komið til greina. Tilnefningar deilda skulu berast skrifstofu félagsins fyrir 1 desember ár hvert á netfangið skrifstofa@fjolnir.is. Fulltrúi aðalstjórnar félagsins afhendir farandbikar sem Fjölnismaður ársins varðveitir í eitt ár. Fjölnismaður ársins fær einnig afhentan eignarbikar sem gjöf frá aðalstjórn Fjölnis. Afhending verðlauna fer fram við hátíðlega athöfn daginn fyrir gamlársdag ár hvert.
Reglugerð þessi er sett samkvæmt samþykkt aðalstjórnar Ungmennafélagsins Fjölnis á stjórnarfundi þann 22. nóvember 2016

# ÍÞRÓTTAMAÐUR ÁRSINS

2017 Andrea Jacobsen HDF
(íþróttakona ársins)
2017 Þórður Ingason KDF
(íþróttakarl ársins)
2016 Viðar Ari Jónsson KDF
2015 Kristján Örn Kristjánsson HDF
2014 Arndís Ýr Hafþórsdóttir FDF
2013 Oliver Aron Jóhannesson SKA
2012 Jón Margeir Sverrisson SDF
2011 Aron Jóhannsson KDF
2010 Jón Margeir Sverrisson SDF
2009 Ægir Þór Steinarsson KKF
2008 Sveinn Elías Elíasson FDF
2007 Sigrún Brá Sverrisdóttir SDF
2006 Sveinn Elías Elíasson FDF
2005 Íris Anna Skúladóttir FDF
2004 Kristín Rós Hákonardóttir SDF
2003 Kristín Rós Hákonardóttir SDF
